



SAMEYKI

Tímarit Sameykis / 4. tbl. 2023 / sameyki.is

Konur kröfðust jafnréttis á sögulegum baráttufundi

Jóhanna Þórdórsdóttir skrifar um Kvennaverkfallið og segir: „Það er merkilegt að verða vitni að sögulegum atburði eða viðburði eins og Kvennaverkfallinu 24. október sl. þegar um 100 þúsund kynsystra minna og kvára komu saman á Arnarhóli til að krefjast jafnréttis og mótmæla feðraveldinu.“

>> Bls. 6

Jafnlaunavottun – eru störf kvenna minna virði en karla?

Ýmsar kenningar hafa verið settar fram um orsakir kynbundins vinnumarkaðar og kynbundinna launa sem fyrirfinnst, þrátt fyrir tilraunir stjórnvalda og fleiri aðila til að afnema slíkt með lagasetningu og fleiri aðgerðum.

>> Bls. 22

Samhengisleysi efnahags-, peninga- og atvinnumála

Ásgeir Brynjar Torfason, doktor í fjármálum, segir að mikilvæg opinber stofnun eins og seðlabanki sem eykur óróa á vinnumarkaði sé augljóslega ekki að sinna verkefnum sínum vel. „Ef stefnumörkun miðar ekki í sömu átt þá verður mikil óreiða á góðæristímum en það hefur enn hræðilegri afleiðingar þegar á reynir við ágjöf og erfiða tíma.“

>> Bls. 10

Spila með ótta og samsæriskenningar

Hulda Þórisdóttir er doktor í sálfræði og starfar sem prófessor við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Hennar sérsvið er stjórn málasálfræði, stjórn mála viðhorf, samspil tilfinninga og stjórn mála skoðana og samsæriskenningar. „Það er algjörlega þannig, af ýmsum sálfræðilegum ástæðum, að covid-faraldurinn er einn sá frjóasti jarðvegur sem þú getur fundið fyrir uppsprettu samsæriskenninga, enda urðu þær til í miklu magni sem tengdust tilurð faraldursins, hvernig hann dreifðist og svo tengt bóluefnum – hverjir væru að hagnast á þeim og hvað lægi þar að baki.“

>> Bls. 16

Ábyrgðarmaður

Pórarinn Eyfjörð

Ritstjóri

Axel Jón Ellenarson

Greinarhöfundar

Axel Jón Ellenarson
Ásgeir Brynjar Torfason
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir
Haraldur Jónasson
Jakobína Þórðardóttir
Jóhanna Þórdórsdóttir
Ragna Kemp Haraldsdóttir

Prófarkalestur

Bjarni Benedikt Björnsson

Forsíðuljósmynd

Birgir Ísleifur Gunnarsson

EFNISYFIRLIT

- 4** Af vettvangi Sameykis
- 7** Konur kröfðust jafnréttis á sögulegum baráttufundi
- 8** Óraunhæft að verðbólgan minnki í 4,9% á næsta ári
- 9** Mannauðs- og launakönnun Sameykis
- 10** Samhengisleysi efnahags-, peninga- og atvinnumála
- 13** Verkalýðspólítík á þingi PSI
- 16** Spila með ótta og samsæriskenningar
- 20** Stöndum með þolendum
- 21** Skop Halldórs Baldurs
- 22** Jafnlaunavottun – eru störf kvenna minna virði en karla?
- 24** Félagsfólk ánægt með tímarit Sameykis
- 26** Brúnkál
- 28** Krossgátulausnir

Skrifstofa Sameykis

Grettisgata 89 - 105 Reykjavík.
Opíð mánud.-fimmtud. frá 9:00 - 15:00
og föstud. 9:00 - 13:00.
Símar: 525 8340 / 525 8330.
Netfang: sameyki@sameyki.is
Veffang: sameyki.is
ISSN: 1670-881

Prentun

Prentmet Oddi. Tímarit Sameykis er prentað á umhverfisvænan og svansvottaðan pappir úr hringrásarferli Svansins. Einnig er tímaritið prentað með svansvottuðum jurttalítum en ekki jarðolíulítum.



Við eigum að hjálpast að

Við Íslendingar höfum ávallt lagt okkur alla fram þegar náttúruhamfarir verða hér á landi. Við þjöppum okkur saman og hjálpumst að eins og eðlilegt er að gera. Við treystum því að sú opinbera þjónusta, og innviðirnir sem við höfum sameiginlega byggt upp, sé bæði skjól og vörn fyrir allan almenning. Viðbragðsaðilar, löggæsla, sjúkrahús og sálsgæsla taki við og hjálpi okkur ef við erum særð á líkama eða sál. Við viljum að innviðir eins og rafmagn, hitaveita og rennandi drykkjarvatn sé varið og virki svo við getum lifað af á þessu harðbyla landi.

Nú glíma Grindvíkingar við óblíð náttúruöflin á Íslandi. Við sjáum í fjölmiðlum hvernig brugðist er við, fólki komið í skjól og verðmæti sótt eftir bestu getu, um leið og gæta þarf fyllsta öryggis svo ekki verði slys á fólki. Opinberir innviðir í eigu þjóðarinnar eru grunnurinn að góðu samfélagi og mikilvægt er að opinberar stofnanir séu sterkar og geti brugðist við þegar reynir á öryggishlutverk þeirra. Grunninnviðir eru öryggisnet sem þurfa á öllum tímum að vera í eigu þjóðarinnar. Við viljum ekki að hér á landi hagnist einkaaðilar á náttúruhamförum eða að gróðinn sé einkavæddur og skuldin ríkisvædd.

Það er því miður sorgleg staðreynd að HS Orka hf. sem áður var í opinberri eigu var einkavædd. HS Orka er í Svartsengi rétt hjá Grindavík eins og alþjóð veit. Þar er líka Bláa Lónið sem notar affall virkjunarinnar til að selja ferðafólki þá upplifun að baða sig í kísilbláu vatni. Hagnaðurinn af rekstri Bláa lónsins er gríðarlegur og eigendurnir hafa verið lunknir með hjálp stjórnmalafólks að ríkisvæða skuldir fyrirtækisins þegar það þáði hlutabótaleiðina og sagði upp starfsfólki – og nú að láta ríkissjóð og almenning greiða fyrir varnargarða. Á sama tíma greiðir það út arð til eigenda sinna fyrir upphæðir sem telja má í tugum milljarða – og hefur gert um langt skeið.

Í maí 2008 voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á auðlinda- og orkusviði. Samkvæmt

lögnum bar Hitaveitu Suðurnesja hf., sem var í opinberri eigu, að aðskilja formlega í sérstökum félögum einkaleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi. Hitaveitu Suðurnesja hf. var svo skipt upp í tvö sjálfstæð fyrirtæki, HS Veitur hf. sem annast dreifingu á rafmagn, hitaveitu og ferskvatni og HS Orku hf. sem annast orkuframleiðslu og raforkusölu. Lögformlegur aðskilnaður HS Orku hf. og HS Veitna hf. varð svo staðreynd sumarið 2008. Þannig tókst stjórnvöldum að einkavæða nauðsynlega innviði eins og raforkuframleiðslu, sem krafist er nú að almenningur verji fyrir náttúruöflunum – en ekki að fyrirtækið greiði sjálft fyrir þjörgunina. Nú eru eigendur fyrirtækisins tveir; Jarðvarmi slhf., sem er í eigu 14 íslenskra lífeyrissjóða og á helming hlutfjár á móti breska sjóðafyrirtækinu Ancala Partners LLP.

Á síðustu sex árum hafa eigendur HS Orku greitt sér um 33 milljarða króna í hagnað af raforkusölu fyrirtækisins. Áætlað er að bygging varnargarða í kringum orkuframleiðslu HS Orku og Bláa Lónið kosti almenning 2,5 milljarða króna um leið og eigendur HS Orku hafa greitt sér út að jafnaði 5,5 milljarða á ári. Í ljósi þeirra hörmunga sem nú dýnja yfir er tækifæri til að taka upp umræðuna um lögfestingu þess að almenningur eigi klárt og skýrt alla innviði og allar náttúruauðlindir landsins og njóti arðsins af þeim. Það er skýr krafa almennings að allur kostnaður og stuðningur, sem til fellur á hið opinbera við að verja rekstur einkarekinna fyrirtækja, verði endurgreiddur áður en arðgreiðslur hefjast að nýju hjá viðkomandi fyrirtækjum. Endurgreiðslukrafan á að vera ótímasett.

Við verðum að hætta að afhenda innviði okkar einkaaðilum og einkavæða hagnaðinn en ríkisvæða skuldirnar. Þjóðin tapar á þessu fyrirkomulagi og við þurfum fyrst og fremst að verja innviði þjóðarinnar og opinbera þjónustu. Sterkir innviðir í almannaeygu eru öryggisnetið sem við þurfum á hverjum tíma til að hjálpast að þegar gefur á bátinn. ■



Pórarinn Eyfjörð
Formaður Sameykis

NÝJAR MÍNAR SÍÐUR SAMEYKIS



Mínar umsóknir

Hér má finna umsóknir um styrki sem félagsfólk hefur sent inn, hvort sem þær eru í vinnslu eða afgreiddar. Nálgest má þau fylgiskjöl sem hanga á umsókninni og bæta við fylgiskjöllum og senda skilaboð til nánari útskýringar með því að smella á punktana þrjá undir skoða.

Umsókn um styrki

Hér er hægt að senda um umsóknir um heilsu- og forvarnarstyrki, sjúkradagpeninga og fræðslustyrki. Til að hægt sé að afgreiða umsóknina er nauðsynlegt að hengja fylgigögn á umsókn í umsóknarferlinu, eins og t.d. greiðslukvittanir, reikninga, launaseðla, vottorð og fræðsludagskrá.



Samskiptaskilaboð

Hér er hægt að senda fyrirspurnir til skrifstofu um kjara- og réttindamál, orlofshús og auðvitað allar almennar fyrirspurnir. Starfsfólk Sameyki svarar síðan fyrirspurnum og félagsfólk fær tölvupóst um að ný skilaboð bíði inni á Mínum síðum. Þarna er því hægt að halda utan um skilaboðin á einum stað.

Mínar síður

Markmið með Mínum síðum er m.a. að félagsfólk geti sent inn umsóknir um styrki og fyrirspurnir þegar þeim hentar þar sem öryggi persónuupplýsinga þeirra er tryggt. Einnig að gefa félagsfólki yfirsýn yfir stöðu sína hjá Sameyki.



Einkavæðingarstefna Reykjavíkurborgar á opinberri þjónustu

Reykjavíkurborg sinnir og rekur fjölbreytta opinbera þjónustu í grunnkerfum samfélagsins, meðal annars heilbrigðisþjónustu, menntaþjónustu, ummönnunarþjónustu og opinberan rekstur eldhúsa í skólum og í leikskólum borgarinnar. Þetta er opinber þjónusta sem almenningur reiðir sig á og því skiptir miklu máli að hún lúti markmiðum um opinbera þjónustu en ekki lögmálum um arðsemi og hagnað til eigenda sinna eins og gildir á hinum „frjálsa markaði“.

Nú nýverið leitaði til Sameykis félagsmaður sem sagt var upp starfi sínu vegna stefnu Reykjavíkurborgar að einkavæða grunnþjónustuna og útvista opinberum störfum til einkaaðila. Slík stefna er eins og aðrar

Sameyki sendi fyrirspurn til Mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar til að leita svara við hvort það væri opinber stefna borgarinnar að útvista störfum í eldhúsum í leikskólum borgarinnar, og í öðru lagi hvort það væri stefna Reykjavíkurborgar á sviði mannauðs- og starfsumhverfis að einkavæða opinbera þjónustu.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar og styður við stefnu og megináherslur borgaryfirvalda. Því vaknar sú spurning hvort það sé opinber stefna að einkavæða opinbera þjónustu í Reykjavíkurborg. Ef ekki, ræður þá geðþóttaákvörðun ferðinni við að útvista opinberum störfum hjá Reykjavíkurborg?

Í svari Mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar til Sameykis kemur fram að Reykjavíkurborg styðji ekki einkavæðingu né útvistun starfa en sé hins vegar ekki á móti því ef frumkvæðið að því komi frá stjórnendum. Þá segir í svari að það sé flókið utanumhald á matseðlum fyrir fjölbreytta hópa og því sé ástæða til að einkavæða þjónustuna. Svo virðist á svörum sviðsstjóra Mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar að hún sé ósammála sjálfri sér í svari til stéttarfélagsins.

„Varðandi fyrirspurn stéttarfélagsins um hvort það sé stefna Reykjavíkurborgar að útvista störfum í eldhúsum í leikskólum borgarinnar er því til að svara að svo er ekki. Hins vegar hefur átt sér stað þróun í þá átt sem er tilkomin að frumkvæði stjórnenda leik- og grunnskóla sem hafa séð þörf fyrir að endurskipuleggja rekstur á sínum starfsstað með þessum hætti. Þar hefur verið horft til t.d. áhrifa á skipulag daglegs starfs, utanumhald af hálfu starfsstaðar hvað varðar mönnun vegna forfalla, pöntun aðfanga, lager fyrir matvöru og umsjón með rétttri geymslu matvæla. Aðkeypt mótuneytisþjónusta felur einnig í sér þjónustu við samsetningu matseðla sem tekur mið af manneldismarkmiðum, matarstefnu og sérþörfum þegar við á, sem er oft á tíðum flókið utanumhald á starfsstöðum sviðsins.“

Hvað varðar þá spurningu um hvort það sé stefna Reykjavíkurborgar að einkavæða opinbera þjónustu er svarið við því neitandi. Svo sem að framan greinir hafa stjórnendur leik- og grunnskóla sjálfir tekið ákvarðanir um útvistun mótuneyta vegna aðstæðna á þeirra starfsstað.“

Eins og lesendur hafa gert sér ljóst virðist því stefna Reykjavíkurborgar vera að útvista störfum og einkavæða opinbera þjónustu. Ástæða er til að staldra hér við og velta fyrir sér hvort nú sé svo komið að einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar geti ákveðið hvort einkavæða skuli opinbera þjónustu. ■




einkavæðingarstefnur; þær taka hvorki tillit til þjónustunnar né starfsfólksins, heldur til hagnaðar af starfsemi. Hagnaðardrifin starfsemi er skilgreind sem græðgi: „Græðgi fyrirtækja, samkvæmt skilgreiningu, er þegar fyrirtæki velur að leggja áherslu á að auka hagnað á þann hátt sem skaðar starfsfólk, neytendur og umhverfið. Það gerist þegar að græða peninga verður eina markmiðið og samfélagsleg ábyrgð er hunsuð,“ segir í grein um fyrirtækjagræðgi eftir Edmund Bradley hjá CLSA, sjálfstæðri rannsóknastofnun um viðskipti á alheimsvísu.

Þegar Reykjavíkurborg kallaði til slíkt fyrirtæki svo hægt væri að losna undan þeirri ábyrgð að reka eldhús í leikskóla í borginni var strax hafist handa við að segja upp starfsfólki. Það þekkest vel að þegar opinber starfsemi er einkavædd þá hækkar verð á þjónustunni og gæði minnka, auk þess sem eftirlit með réttindum, kaupum og kjörum starfsfólks hverfur sökum þess að slíkt fyrirtæki ráða til sín verktaka eins og nú er í tísku að kalla „giggara“ og skrifað hefur verið áður um í tímarit Sameykis.

Karlar mælast með 22,5% hærra laun en konur á íslenskum vinnumarkaði

Samkvæmt uppfærðu talnaefni frá Hagstofu Íslands sem stofnunin sendi frá sér 6. nóvember sl. mælist launamunur kynjanna um 22,5%. Karlar eru með hærra árlegar meðaltekjur, 9.219 þúsundir króna, en konur mælast með 7.522 þúsundir króna í meðaltekjur á ári.

Alls voru um 219.500 einstaklingar starfandi á íslenskum vinnumarkaði í september 2023 samkvæmt skrár Hagstofunnar. Starfandi einstaklingum fjölgaði um rúmlega 6.700 á milli ára sem samsvarar 3,2% fjölgun. Fjöldi starfandi kvenna í september var um 102.900 og fjöldi starfandi karla um 116.600. ■



Nýtt starfsfólk á skrifstofu Sameykis



Karolina Maria Wojtuszkiewicz hefur verið ráðin til Sameykis í starf verkefnastjóra sjóða.

Karolina Maria Wojtuszkiewicz.

Karolina Maria er fædd 1993 í smábænum Biala Podlaska í Póllandi en fluttist til Íslands 2012. Hún hóf nám í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands og útskrifaðist með BA -gráðu árið 2019.

Hún starfaði áður hjá Eflingu stéttarfélagi á vinnuréttarsviði frá árinu 2020 þar til hún réð sig til Sameykis.

Karolina Maria býr með fjölskyldu sinni, sambýlismanni og tveggja ára syni þeirra, í Grafarholti. ■



Kristín Ósk Wíum Hjartardóttir hefur verið ráðin sem sérfræðingur í félagsdeild hjá Sameyki.

Kristín Ósk Wíum Hjartardóttir.

Hún er fædd 1983 á eyjunni Jövu í Indónesíu en flutti ung til Íslands til fjölskyldu sinnar í Hafnarfirði þar sem hún ólst upp. Hún starfaði í fimm ár við viðburðarstjórnun hjá Hljómahöll í Reykjanessbæ og síðar sjálfstætt við að skipuleggja viðburði.

Síðastliðin fjögur ár starfaði hún hjá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur. Hún stundar nú nám í viðskiptalögfræði í Háskólanum á Bifröst og stefnir á að ljúka námi samhliða starfi sínu hjá Sameyki.

Kristín Ósk býr í Keflavík með fjölskyldu sinni, eiginmanninum Stefáni Má Guðmundssyni og þremur börnun þeirra sem eru á aldrinum 15–23 ára. ■



Sindri Már Smáráson hefur verið ráðinn í starf verkefnastjóra orlofsmála hjá Sameyki.

Sindri Már Smáráson.

Sindri Már er fæddur 1993. Áður en hann réð sig til Sameykis starfaði hann hjá Alþingi sem þingvörður. Þar áður starfaði hann hjá Alcoa Fjarðaáli og gegndi stöðu trúnaðarmanns á vinnustaðnum. Hann sat í stjórn Afls Starfsgreinafélags og í ASI-Ung.

Sindri útskrifaðist úr stjórn málafræði frá Háskóla Íslands 2023 og úr fiskeldisfræði frá Háskólanum á Hólum árið 2020.

Hann býr ásamt unnustu sinni Ingu Borg og syni þeirra í miðbæ Reykjavíkur. ■



Hildigunnur Guðmundsdóttir hefur verið ráðin í starf sérfræðings í kjaradeild Sameykis.

Hildigunnur Guðmundsdóttir.

Hildigunnur útskrifaðist með BSc-gráðu í viðskiptalögfræði frá Háskólanum á Bifröst 2017 og útskrifaðist með ML-gráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík 2019. Eftir laganám 2019 starfaði hún á lögmannsstofu Reykjaness og meðfram námi hjá fasteignasölu. Áður en Hildigunnur fór í háskólanám starfaði hún sem þjónustustjóri hjá Icelandair í tíu ár.

Undanfarin tvö ár starfaði Hildigunnur hjá Félagi iðn- og tæknigreina á kjara- og sjúkrasjóðssviði áður en hún réð sig til Sameykis. Hildigunnur er uppalinn Keflvíkingur en býr í Kópavogi ásamt syni sínum. ■



Opnunartími í BSRB húsinu

Breyttur opnunartími á skrifstofum í BSRB-húsinu tók gildi 1. nóvember. Sami opnunartími er hjá öllum skrifstofum í húsinu. Opnunartími er á virkum dögum frá klukkan 9:00-15:00 og á föstudögum frá klukkan 9:00-13:00.

Félagsfólki í Sameyki er bent á þjónustusíðu Sameykis, Mínar síður, þegar sótt er um orlofshús, styrki, sjúkrasjóð og ýmsa aðra þjónustu sem félagið veitir. ■



Konur kröfðust jafnréttis á

Eftir Jóhönnu Þórdórsdóttur
Ljósmyndir: Heiðrún Fivelstad

Það er merkilegt að verða vitni að sögulegum atburði eða viðburði eins og Kvennaverkfallinu 24. október sl. þegar um 100 þúsund kynsystra minna og kvára komu saman á Arnarhóli til að krefjast jafnréttis. Um allt land gerðist það sama, konur komu saman á ráðhústorgum eða fyrir framan bæjarskrifstofur og kröfðust þess að kynbundið ofbeldi yrði stöðvað strax, og að kynbundinn launamunur heyrði sögunni til. WOMAN RIGHTS - ARE - HUMAN RIGHTS, JAFNRÉTTI NÚNA!, KALLARÐU PETTA RÉTTLÆTI? og HLUSTIÐ! var meðal þeirra slagorða sem haldið var á lofti.



Ráðherrar forsætis og fjármála beiti sér í baráttunni

Ekki er annað hægt en að forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, báðar konur, beiti sér í sínum ráðuneytum fyrir jafnrétti og að kynbundnum launamun verði eytt og beiti ekki fyrir sig orðasalati um að þetta sé svo flókið að leysa. Katrín var sjálf að krefjast þess sama og aðrar konur víða um land kröfðust jafnréttis. Hvað

ætli standi henni fyrir þrifum? Stefna Þórdísar í embætti fjármála- og efnahagsráðherra er að segja konum upp sem sinna störfum í grunnþjónustunni og leggja mikið á sig fyrir lág laun. Það eru konurnar í framlínustörfum sem missa vinnuna vegna niðurskurðar og uppsagna. Í umsögn BSRB segir um niðurskurð ríkisstjórnarinnar í frumvarpi til fjárlaga 2024: „Alls nemur niðurskurðurinn um 8 milljörðum króna í frestun framkvæmda og um 9,6 milljörðum króna í rekstrarútgjöldum sem á fyrst og fremst að nást með uppsögnum og starfsmannaveltu. ... Í jafnréttismati frumvarpsins kemur fram að lækkun launakostnaðar ríkisins mun bitna á konum fremur en körlum enda eru þær um tveir þriðju hlutar starfsfólks ríkisins. Konur eru einnig í meirihluta þeirra starfa sem mun fækka vegna stafvæðingar.“

Á meðan forsætisráðherra fór að glíma við önnur erfið mál ríkisins, eða ríkisstjórnarsamstarfsins, dagana á eftir fögnuðu konur og ákváðu að þessa dags skyldi ekki verða minnst sem einhvers hátíðisdags kvenna, heldur baráttudags fyrir jafnrétti og réttlæti, sama af hvaða hvaða kyni, uppruna, hörundslit, stöðu, stétt, þjóðerni eða trúar fólk er. „Við krefjumst jafnréttis og réttlætis meðal allra kvenna og kyns,“ var sagt á baráttufundinum og rétt að taka undir það.



Á sögulegum baráttufundi

“

Þetta hugarfar er ekki einungis karllægt heldur líka kvenlægt því konur jafnt sem karlar aðhyllast hugmyndafræðina sem skotið hefur rótum í stjórnámálum.

Hvers vegna ættu konur að vera á lægri launum er karlar?

Fyrir því er ekki nokkur heilbrigð ástæða, heldur óheilbrigð viðhorf sem liggja í aldagömlum skólpræsum hugmyndakerfis um að karlar séu æðri konum og nefnist hugtakið feðraveldi. Uppruni orðsins kemur úr þýðingunni patriarki sem kemur úr grísku og samsett úr orðunum faðir og arkon, sem mætti þýða sem „leiðtogi“, „höfðingi“, og/eða „konungur“. Patriarki þýðir því feðraveldi og það

er veldi notað um samfélagsgerðina sem á rætur sínar í því ættarveldi sem karlar, forfeður okkar, stjórnðu og er óumdeilt. Orðið feðraveldi er því hugtak um stjórnarfar og samfélag þar sem gömul kynbundin viðhorf eru ríkjandi sem kúga konur og aðra sem ógna samfélagsgerð sem mótuð hefur verið af körlum. Þeirri samfélagsgerð hafa konur eðlilega barist gegn. Þetta hugarfar er ekki einungis karllægt heldur líka kvenlægt því konur jafnt sem karlar aðhyllast hugmyndafræðina sem skotið hefur rótum í stjórnámálum.

Vera má að konur jafnt sem karlar hafi enga hugmynd um að þau tala sem einni röddu með feðraveldinu sem einmitt gengur út á að halda konum niðri. Feðraveldið er nefnilega nátengt eldri viðhorfum sem einkennast af valdi sem fylgir nýlenduhugsun og kapitalískri hugmyndafræði sem konur hafa einnig fylgt. Hugmyndafræðin inniheldur þessar stefnur sem móta samfélagið, hvort sem um er að ræða karl sem heldur um ríkiskassann eða konu sem það gerir.

Við skulum láta þennan einstaka sögulega baráttufund marka spor í stéttabaráttuna. Áfram stelpur! ■

Höfundur er fræðslustjóri Sameykis.

Óraunhæft að verðbólgan minnki í 4,9% á næsta ári

Eftir Axel Jón Ellenarson

Trúnaðarmannaráðsfundur var haldinn 23. október sl. þar sem gestir fundarins fjölluðu um vinnumarkaðinn, efnahagsmál og niðurstöður könnunar Vörðu. Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis setti fundinn, kynnti dagskrá og sagði frá nýafstöðnu þingi PSI sem fulltrúar BSRB sóttu í Genf. Sagt er frá PSI-þingi aftur í tímaritinu. Ágúst Ólafur Ágústsson, hagfræðingur og fyrrum þingmaður, fjallaði um fjárlögin og stöðuna í efnahagsmálum.

Kristín Heba Gísladóttir framkvæmdastjóri Vörðu – rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins kynnti niðurstöður könnunar um fjárhagsstöðu félagsfólks sem stofnunin gerði fyrir Sameyki. Þá fór skrifstofustjóri Sameykis, Gunnsteinn R. Ómarsson, yfir efnahagsreikning félagsins.

Nítján þúsund manns skilin eftir í fátækt

Ágúst Ólafur sagði í erindi sínu að of mikill hagvöxtur væri ekki heppilegur í of langan tíma því jafnvægi þyrfti að vera í rekstri ríkissjóðs. Of mikill hagvöxtur skapaði hátt vaxtastig eins og nú

minnki umtalsvert á næsta ári. Kaupmáttur ráðstöfunartekna dróst saman á síðasta ári um 0,1 prósent og íbúðarverð hækkaði um 2,6 prósent á milli ára. Að mínu mati er ekki raunhæft sem kemur fram í fjárlagafrumvarpinu að verðbólgan verði 4,9 prósent á næsta ári. Einnig á ríkið ekki að vera rekið eins og heimili. Það er í lagi fyrir ríkissjóð að skulda, en síður fyrir heimilin. Skuldir ríkisins er auðvelt að fjármagna og hægt er að greiða niður skuldir ríkissjóðs hægar en gert er. Við þurfum að nálgast þetta og ræða, bæði á vettvangi stéttarféлага og stjórn mála með opnum hætti," sagði Ágúst Ólafur.

Ágúst Ólafur var spurður af Þórarini Eyfjörð í lok erindis síns hverju hann myndi vilja breyta, ef hann mætti breyta einu atriði í fjárlagaáætluninni. Ekki stóð á svari.

„Öryrkjar og fatlað fólk reiðir sig á tekjur ríkisins og við þurfum að bæta kjör þeirra. Það eru 19 þúsund manns sem við erum í raun að skilja eftir í fátækt í okkar samfélagi. Það er ekki því að kenna að það sé ekki starfandi á vinnumarkaðnum. Laun þessa hóps eru ákveðin af fólki á Alþingi og ríkisstjórn landsins. Við þurfum að krefjast af þeim að skilja ekki þetta fólk útundan í fjárlagagerðinni eins og þau gera," sagði Ágúst Ólafur og undir það tóku gestir fundarins með lófaklappi.

Félagsfólk Sameykis erfitt með að mæta óvæntum útgjöldum

Kristín Heba fór ítarlega yfir könnun Vörðu sem stofnunin gerði fyrir Sameyki. Hún sagði að fjárhagsstaða félagsfólks í Sameyki væri gríðarlega ólík þegar hún er skoðuð eftir starfsgreinum. Fjárhagsstaða þeirra sem starfa í heilbrigðisþjónustu væri langverst. Staða þeirra sem starfa við fræðslu-, uppeldis-, kennslu- og tólmundastörf og í öðrum greinum er einnig nokkuð verri en þeirra sem starfa við stjórnsýslu, fjármálaþjónustu, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf.

Hún sagði yngri hópana sem eru með lægri tekjur og börn þeirra hafa upplifað fjárskort síðustu 12 mánuði sem hefði komið í veg fyrir að hægt væri að greiða fyrir grunnþætti eins og skólamat, skólabækur og kostnað barna vegna tólmundastörf. 19 prósent félagsfólks geta ekki greitt fyrir tólmundastörf barna sinna og 22 prósent geta ekki greitt fyrir nauðsynlegan klæðnað á börn sín.

Kristín Heba sagði þetta vera óboðlegar aðstæður í samfélagi þar sem skólaganga barna er skylda.

„Það er mjög alvarlegt að staðan skuli vera svona. Þrjátíu og þrjú prósent félagsfólks segist vera með slæma andlega heilsu vegna þessa og það er áhyggjuefni.“ ■



Ágúst Ólafur Ágústsson, Kristín Heba Gísladóttir, félagsfólk í Sameyki á trúnaðarmannaráðsfundinum og Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis.

er. Hann sagði að sagan sýndi að efnahagsveiflur endurtækju sig á um það bil á sjö ára fresti, en stjórnvöld gera ráð fyrir að verðbólgan minnki niður í 4,9 prósent á næsta ári sem hann segir óraunhæft. Þá sagði hann að ríkið ætti ekki að vera rekið eins og heimili.

„Verðbólga er mikil á Íslandi, nú um 8 prósent og er helmingi meiri hér á landi en á evrusvæðinu sem mælist núna um 4,3 prósent. Hækkun á nauðsynjavörum og matvælum er 12,4 prósent undanfarna 12 mánuði sem er mikil hækkun á lykilþáttum. Sagan sýnir okkur að hagsveiflan endurtækur sig á um það bil á sjö ára fresti og gert er ráð fyrir að verðbólgan

Mannauðs- og launa- könnun Sameykis

Eftir Jakobínu Þórðardóttur

Nú er könnuninni Stofnun ársins 2023 senn að ljúka þegar þetta er skrifað. Sameyki þakkar félagsfólki fyrir góða þátttöku. Könnunin fór rólega af stað í fyrstu en svo jókst þátttakan þegar tók að líða á. Félagsfólki var sendur hlekkur í tölvupósti um þátttöku í könnuninni og það hvatt með öðrum hætti til að taka þátt. Einnig var hægt að nálgast tengil á könnunina inn á nýjum „Mínum síðum“ Sameykis.



Stofnun ársins er viðamikil mannauðs- og launakönnun sem Gallup framkvæmir einu sinni á ári fyrir Sameyki og er tilgangur hennar að styrkja mannauðsmál og starfsumhverfi starfsfólks í opinberri þjónustu. Við bættist nú, sem áður var gert 2019, að spyrja þátttakendur um laun og launakjör. Könnunin veitir ítarlegar upplýsingar um stöðu mála, þ.e. styrkleika og veikleika vinnustaðarinnar og áskoranir í starfsumhverfi og mannauðsmálum sem gott er að nýta til umbótastarfs í mannauðsmálum á vinnustaðnum.

Það er okkar trú að könnunin sé jákvætt innlegg í starfsemi vinnustaða fyrir starfsfólk og þá sem þiggja opinbera þjónustu og samfélaginu öllu til hagsbóta. Félagsfólk Sameykis gefst

einnig tækifæri til þess að svara um kjör sín í könnuninni. Stofnun ársins er samstarfsverkefni Sameykis, Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og fjölmargra annarra stofnana en hún nær til tæplega 40.000 manns á opinberum vinnumarkaði. Almennt er miðað við að þátttakendur séu í a.m.k. 20 prósent starfshlutfalli og hafi starfað á vinnustaðnum í þrjá mánuði eða lengur. Þetta viðmið er notað svo svarendur séu betur í stakk búinir til að meta starfsumhverfi sitt með áreiðanlegum hætti.

Gallup á Íslandi sér alfarið um vinnslu og framkvæmd könnunarinnar, þ.e. gagnaöflun, varðveislu gagna og skýrslugerð. Úr hópi svarenda verða alls dregin 12 vinningar úr innsendum svörum og tilkynnt um hver hljóta þá á vef Sameykis eftir áramótin:

- Tvö gjafabréf frá Icelandair, að verðmæti kr. 60.000.- hvort
- Fjögur gjafakort í Hörpu, að verðmæti kr. 30.000.- hvert
- Helgardvöl í orlofshúsum félagsins, samtals fimm vinningar
- Vikudvöl í orlofshúsum félagsins á Spáni, einn vinningur

Mínum svo félagsfólk á að geyma happdrættisnúmerið sitt sem kemur fram í tölvupóstbréfinu sem fylgdi könnuninni. Vinningsnúmer verða birt í febrúar á vef Sameykis. Dregið er úr innsendum svörum. ■

Samhengisleysi efnahags-

Eftir Eftir Ásgeir Brynjar Torfason

Seðlabankinn hefur hvorki eitt markmið né eitt tæki til að ná því markmiði. Vextir á nokkrum mismunandi innlánsreikningum bankans fyrir viðskiptabankana eru kallaðir stýrivextir eða meginvextir. Þessi vextir, sem peningastefnunefnd bankans ákvarðar, lækka ekki verðbólgu sjálfkrafa, heldur eru áhrifin af hækkun eða lækkun vaxtanna kölluð miðlun peningastefunnar. Hún á að stuðla að því að vísitalan sem mælir verðlag og þannig verðbólgu lækki, en það tekur bæði tíma, byggist á öðrum ytri þáttum og felur í sér ýmsa óvissu.

Það þarf miklu fleira að koma til en einföld, eða margföld, hækkun vaxtanna til þess að verðbólga hjaðni. Þess utan var lögum um Seðlabankann breytt árið 2019 og nú er verðstöðugleiki ekki æðsta markmiðið heldur gildir samhliða öðrum markmiðum um fjármálastöðugleika ásamt traustu og öruggu fjármálakerfi. Þannig verður stjórnun seðlabanka miklu flóknari en áður. Mikilvæg opinber stofnun eins og seðlabanki sem eykur óróa á vinnumarkaði eða seðlabanki sem styður ekki við efnahagsstefnu ríkisstjórnar er augljóslega ekki að sinna verkefnum sínum vel.

“

Mikilvæg opinber stofnun eins og seðlabanki sem eykur óróa á vinnumarkaði eða seðlabanki sem styður ekki við efnahagsstefnu ríkisstjórnar er augljóslega ekki að sinna verkefnum sínum vel.

Trúverðugleiki

Útbreiddur misskilningur um hugtakið aðhald var leiðréttur skilmerkilega af fyrrverandi seðlabankastjóra Má Guðmundssyni í viðtali við vikuritíð Vísbendingu í sumar, sem einnig var fjallað um í Heimildinni dagana 16.-26. júní 2023. Það að tala um aðhald opinberra fjármála felur í sér annaðhvort eða bæði, hækkun skatta eða lækkun útgjalda, ekki aðeins það síðarnefnda.

Alþjóðlegur samanburður er eitt öflugasta tólið til þess að vita hvernig gengur í efnahagsstjórn. Lengi var sagt á Íslandi,

sérstaklega þegar meginhluti tekna þjóðarinnar kom af fiskútflutningi, að hagsveiflan hérlendis væri allt önnur en í nágrennalöndunum. Þessi gamla tugga er löngu orðin úrelt, bæði eftir að við fengum aðild að sameiginlega evrópska markaðnum með samningnum um EES fyrir aldarfjórðungi, en ekki síður eftir að ferðaþjónusta varð stærsti hluti útflutningsteknanna.

Samanburður á verðbólgu milli landa getur verið flóknur. Til einföldunar gerir evrópska hagstofan samræmda vísitölu neysluverðs fyrir verðbólgu samanburð.



Segl sem ekki eru stillt í sömu átt, eða stýri sem ekki er stjórnað samhæft við seglin getur meira hérlendis en í öðrum Evrópuríkjum og samt er verðbólga hér meiri en þar. Vaxtahækkanir hafa fært bönkunum hérlendis aukinn hagnað, því stýrivextirnir eru greiddir á innstæður viðskiptabanka hjá seðlabanka.

Stýrivaxtahækkunum hefur verið beitt hraðar og meira hérlendis en í öðrum Evrópu-ríkjum og samt er verðbólga hér meiri en þar. Vaxtahækkanir hafa fært bönkunum hérlendis aukinn hagnað, því stýrivextirnir eru greiddir á innstæður viðskiptabanka hjá seðlabanka. Jafnframt hefur fjármagnskostnaður vegna hins opinbera hallareksturs hækkað verulega, enda er seðlabanki ekki aðeins banki bankanna heldur einnig banki ríkisins, þar sem meginvextirnir stýra miklu um lántökuskilyrði.

Samvinna

Íslenski vinnumarkaðurinn stækkaði mikið við samninginn um EES sem færði okkur frjálst flæði fólks, fjármagns, vöru og þjónustu innan evrópska markaðarins. Meginstraumur

peninga- og atvinnumála

hagfræðikenninga hefur einnig breyst á þeim aldarfjórðungi síðan við gengum inn á hinn sameiginlega markað. Þó eimir enn eftir af þeirri hugmyndafræði sums staðar að hagfræðin og hagkerfið stýri sér sjálfkrafa.

Líkön í hagfræði og raunveruleiki hagkerfisins eru stundum úr tengslum við hvort annað. Þá verður verkefni hagfræðinganna að brúa bilið þar á milli og útskýra muninn. Það er alls ekki hlutverk hagfræðinga að predika yfir hagkerfinu hvernig það eigi að virka eða haga sér til þess að raunveruleikinn stemmi við líkönin þeirra. Fagleg skylda hagfræðinganna er að leiðrétta



Í látið skútuna brotna eða stranda. Stýrivaxtahækkunum hefur verið beitt hraðar og þakkanir hafa fært bönnunum hérlendis aukinn hagnað, því stýrivextirnir eru greiddir á

líkönin ef þau stemma ekki við veruleikann. Geri þeir það ekki verður starf þeirra fljótt gagnslaust. Hagfræðin er félagsvísindi en hvorki raunvísindi sem byggjast á náttúrulegum, né trúarbragðafræði til að fjalla um útbreiðslu kennisetninga.

Trúverðugleiki er samt sem áður mikilvægur fyrir bæði hagfræðinga og þær opinberu stofnanir sem þeir starfa fyrir eða stýra. Breyttur heimur getur kallað á að gamalgrónar kenningar þarfnist endurskoðunar við. Það lærðum við í þeirri hagfræðilegu tilraun sem efnahagsleg viðbrögð við heimsfaraldri færðu okkur. Sama á við um verðbólguna sem blossaði upp út um allan heim eftir innrásina í Úkraínu.

Samræmi og samhljómur milli atvinnustefnu og efnahagsstefnu

hins opinbera er mikilvægur. Samhengisleysi á milli stefnu opinberra fjármála og virkni peningastefnu seðlabanka getur haft mjög slæmar afleiðingar. Ef stefnumörkun miðar ekki í sömu átt þá verður mikil óreiða á góðæristímum en það hefur enn hræðilegri afleiðingar þegar á reynir við ágjöf og erfiða tíma. Segl sem ekki eru stillt í sömu átt, eða stýri sem ekki er stjórnað samhæft við seglin getur látið skútuna brotna eða stranda. Ábyrgð hagfræðinganna sem stýra vissum köðlum eða stillingum seglanna er þar mikil en ábyrgð stjórnálaganna sem halda um stýrið er enn meiri. Hvorugur hópurinn getur hrópað á restina af áhöfninni til þess að rétta stefnuna af. Ef fólkíð á fyrsta farrými kemst eitt í björgunarbátana en ekki aðrir bátsverjar, þá er stórslys í uppsiglingu.

Samband

Sambandsleysi á milli stefnumörkunar efnahagsmála og velsældar eða lífskjara veldur einnig miklum vanda hérlendis. Stærstu útgjaldaliðir flestra venjulegra heimila eru kostnaður vegna húsnæðis, matvæla og samgangna. Tekjur eru oftast aðeins launatekjur en fyrir efstu tekjuhópana, eða fólkíð á fyrsta farrými, koma einnig til fjármagnstekjur. Uppbygging skattkerfisins og millifærslur því tengdar hafa svo áhrif á ráðstöfunartekjur hvers heimilis.

Ljóst er af lífskjarakönnunum að stöðugt fleiri eiga erfitt með að ná endum saman hérlendis. Erlendis var hugtakið um lífskjarakrísu mikið notað á síðasta ári en viðbrögð stjórnvalda þar hafa mildað þá krísu og jafnvel látið hana hverfa fyrir stóran hluta heimila. Verðbólgan í Evrópu hefur enda lækkað síðan í október 2022 úr 10,6% niður í 2,9%.

Hugmyndafræði sem vinsæl virðist hérlendis á allt of mörgum sviðum er að allt muni reddast, en er nú að afhjúpast sem hræðilega léleg fyrir efnahagsstefnu. Þó að við höfum á vissa mælikvarða verið heppin sem þjóðfélag efnahagslega í eftirmálum og úrvinnslu fjármálahrunsins þá er ekki víst að sama gerist eftir heimsfaraldur og hina alþjóðlegu verðbólgu. Nú stefnir allt í þá átt, ef marka má reynslu þessa árs, að lærdómurinn hérlendis á næsta ári verði sá að hlutir reddist ekki alltaf.

Hagkerfið er ekki stjórnláus skepna sem fer sínu fram af einhverri eðlishvöt. Hagkerfinu er stjórnað af aðgerðum mismunandi aðila og hópa sem að því koma með ólíkum hætti. Íhaldssöm öfl og sterk viðhorf hérlendis byggja á fyrrum meginstraumshagfræði sem viðurkennt er orðið á alþjóðavísu að stenst ekki próf hins efnahagslega raunveruleika sem einkennt hefur heiminn undanfarin ár. Einsleitni umræðunnar hér, bæði frá hinni stjórnálagalegu hlið og hinni hagfræðilegu, er hættuleg, sérstaklega á þeim umbrotatímum sem við nú lifum. Það að stýra efnahagsmálum þjóðarskúttunnar út frá almannatengslum og ímyndaruppbyggingu getur gengið tímabundið þegar byrinn er góður en þegar á móti blæs þá sést hverjir standa berskjaldaðir. ■

Höfundur er er doktor í fjármálum og ritstjóri Vísbandingar.



Verkalýðspólitík á þingi PSI

Eftir Axel Jón Ellenarson



Fulltrúar BSRB sóttu 31. þing PSI í Genf sem haldið var dagana 14.–18. október síðastliðinn. PSI eru alþjóðleg samtök stéttarféлага á opinberum vinnumarkaði og var yfirskrift þingsins Fólk fram yfir hagnað (People Over Profit). Helstu umræðuefni þingsins voru ásókn einkafyrirtækja í rekstur opinberrar þjónustu og afleiðingar þess fyrir almenning, alþjóðavæðingin, spilling í stjórnámálum og stríðsátök. PSI er samfylking 30 milljóna opinberra starfsmanna í 154 löndum. Í stefnu PSI stendur m.a. að til að þjóna samfélaginu þurfi opinberir starfsmenn réttindi á vinnumarkaðnum, mannsæmandi vinnuskilyrði og þátttöku í stjórnun þeirrar þjónustu sem þeir veita.

Fulltrúarnir voru formenn og starfsfólk; Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis og 1. varaformaður BSRB, Arna Jakobína Björnsdóttir formaður Kjaralag og 2. varaformaður BSRB, Sandra B. Franks formaður Sjúkraliðafélags Íslands og í stjórn BSRB, Ingólfur Björgvin Jónsson deildarstjóri kjaradeildar Sameykis og Axel Jón Ellenarson kynningarfulltrúi Sameykis.

Aflið felst í samstöðunni og fjöldanum

Daniel Bertossa sem kosinn var framkvæmdastjóri PSI á þinginu sagði í opunarerindi að í umræðum um framtíð opinberrar þjónustu og aðför hægrri öfgastjórn málafla að opinberum stofnunum væri ekki nóg að hafa rétt fyrir sér í þeim efnum, ekki heldur í baráttunni fyrir réttindum launafólks, né að vita hvað þyrfti að gera til að ná fram réttlæti.



Daniel Bertossa framkvæmdastjóri PSI.

Til að knýja fram breytingar á vinnumarkaði, verja opinber störf og verjast atlögu nýfrjálslyggjunnar og kapitalismans að opinberri þjónustu þyrfti aðgerðir, afl og samstöðu meðal félagsfólks og stéttarféлага. Það væri gert m.a. í gegnum verkalýðspólitík og fá fólk til að taka virkan þátt gegn ásókn einkaaðila í innviðina. Aflið kæmi í gegnum samstöðu fjöldans til að knýja á um kröfuna um samfélagsbreytingar.

Ásókn elítunnar í rekstur opinberrar þjónustu

Sú skelegga baráttukona, rithöfundur og stjórnmalaskýrandi Jane McAlevey sagði að verkalýðsfélög stæðu nú frammi fyrir kerfisbundnum árásum (e. attack) einkafyrirtækja,



Jane McAlevey sagði að finna þyrfti leiðir til samstöðu, og til að taka virkan þátt í pólitískri umræðu um verkalýðsmál.

öfgahægrihreyfinga og ríkisstjórna sem grafa undan réttindum launafólks og veikja þannig verkalýðshreyfinguna – skapa aukið álag á starfsfólk í opinberri þjónustu vegna niðurskurðar, einkavæðingar og útvistunar starfa.

Til að berjast á móti, sagði Jane, yrði að byggja upp styrk og finna leiðir til samstöðu, taka virkan þátt í pólitískri umræðu um verkalýðsmál, virkja félagsfólk stéttarféлага og heildarsamtaka ásamt bandamönnum þeirra, upplýsa og fræða um stefnu kapitalismans sem sækist í að sölsa undir sig opinbera innviði, og vinna að raunverulegum árangri fyrir opinbert starfsfólk og almenning sem nýtur opinberrar þjónustu. Hún sagði að ástæðan fyrir að staðan væri eins og raun ber vitni, í Bretlandi, Bandaríkjunum og víðar, væri vegna einkavæðingar innviðþjónustunnar og alþjóðavæðingarinnar – einnig í stjórnámálum.

Fólk fram yfir hagnað

Harris Gleckman, sérfræðingur í miðstöð um stjórnarhætti og sjálfbærni við háskólann í Massachusetts og fyrrverandi yfirmaður skrifstofu um viðskipti og efnahagslega þróun hjá UNCTAD sem er stofnun innan skrifstofu Sameinuðu þjóðanna



Harris Gleckman, sérfræðingur við miðstöð um stjórnarhætti og sjálfbærni við háskólann í Massachusetts

sem stuðlar að hagsmunum þróunarríkja í heimsviðskiptum, sagði á þinginu að á síðustu sex árum hefði starfsfólk á opinberum vinnumarkaði staðið frammi fyrir margvíslegum krísum; auknum ójöfnuði, auknu valdi einkafyrirtækja í grunnþjónustunni, sem er í raun áframhaldandi arfleifð nýlendustefunnar, sem og COVID-19 heimsfaraldrinum.



Það er kominn tími til að alþjóðasamfélagið axli ábyrgð sína og starfi eftir diplómatískum leiðum að því að stöðva þetta stríð, vernda óbreytta borgara, taka á rótum vandans í átökum milli Palestínu og Ísraels, þar á meðal hernámi á palestínsku svæðunum, og krefjast þess að ályktunum Sameinuðu þjóðanna verði framfylgt fyrir rétti palestínsku þjóðarinnar til að eiga lífvænlegt þjóðríki og lifa í reisn meðal þjóða.

Þrátt fyrir afturhvarf til niðurskurðar í opinberri þjónustu og vaxandi óstöðugleika í innviðakerfum, sjást einnig jákvæðar pólitískar breytingar eins og að hörfa frá mörgum af hörðum og ósanngjörnum viðskiptasamningum, dýpri og betri skilningur á hvers vegna opinber þjónusta er mikilvæg og mótspyrna gegn alþjóðavæðingu nýfrjálslyggjunnar. Hann sagði að núverandi efnahagskerfi virkuðu ekki lengur. Þá þyrftu PSI og aðildarfélög samtakanna að standa fyrir vitundarvakningu um að kapitalisminn og alþjóðavæðingin væru ekki virkir þátttakendur í opinberri þjónustu. Þess vegna þarf verkalyðshreyfingin að vakna og standa saman í að verja innviðina sem þjóna almenningi. Hann sagði í lokin að þetta þyrfti að eiga sér stað á alþjóðavettvangi og stóru málin snerust um réttlæti fyrir alla. Allt fólk ætti rétt á opinberri þjónustu sem væri rekin af almannafé hjá opinberum stofnunum en ekki einkafyrirtækjum sem eðlis síns vegna eru rekin út frá sjónarmiðum arðseminnar.

Stöðva verður stríðið í Palestínu

Rætt var um stríðið fyrir botni Miðjarðarhafs á þinginu þegar ályktun nr. 48 var rædd. Þar kemur fram að gjörðir Ísraelsstjórnar; að loka fyrir innviði og neita óbreyttum borgurum í Gazaborg um vatn, matvæli, rafmagn, sjúkragögn og mannúðaraðstoð sé grundvallarbrot á alþjóðalögum og flokkist líklega sem stríðsglæpur. Ennfremur segir í ályktun nr. 48: „Það er kominn tími til að alþjóðasamfélagið axli ábyrgð sína og starfi eftir diplómatískum leiðum að því að stöðva þetta stríð, vernda óbreytta borgara, taka á rótum vandans í átökum milli Palestínu og Ísraels, þar á meðal hernámi á palestínsku svæðunum, og krefjast þess að ályktunum Sameinuðu þjóðanna verði framfylgt



Dave Prentis, fráfarandi forseti PSI.

fyrir rétti palestínsku þjóðarinnar til að eiga lífvænlegt þjóðríki og lifa í reisn meðal þjóða.“

Dave Prentis, sem lét af embætti forseta PSI á þinginu, sagði að opinbert starfsfólk ásamt almenningi léti lífið í störfum sínum á hverjum degi. Prentis sagði að ríkisstjórnir landanna yrðu að bera virðingu fyrir störfum fólks í opinberri þjónustu við að sinna særðum í þessu hræðilega stríði. Hann sagði að PSI bæri líka ábyrgð á að talað væri fyrir friðsamlegri tvíhliða lausn fyrir báðar þjóðir; Palestínu og Ísrael. Dave sagði átakanlegt að fylgjast með því ofbeldi og drápum sem ættu sér stað á saklausu fólki og börnum og alþjóðasamfélagið yrði að bregðast við til að koma á friði.



Jowayriah Safadi talsmaður Stéttarfélags opinbers heilbrigðisstarfsfólks í Palestínu.

Allir þeir sem tóku til máls vildu hafa kveðið sterkar að orði í ályktuninni; segja að Hamas væri ekki á vegum stjórnvalda í Palestínu og að alþjóðasamfélagið yrði að bregðast við til að binda enda á blóðbaðið í Palestínu og fordæma árásir Ísraels sem stundi þjóðarmorð á palestínsku þjóðinni. Aðrir, eins og formaður Bandalags opinberra starfsmanna í Þýskalandi, Frank Warnake, sagði að hryðjuverk Hamas og dráp á þegnum Ísraelsríkis væru hryðjuverk.

Jowayriah Safadi, talsmaður stéttarfélags opinbers heilbrigðisstarfsfólks í Palestínu tók til máls og sagði: „Stríðsmaskína Ísraels vinnur að því að gereyða palestínsku þjóðinni. Við getum ekki sætt okkur við að Ísraelsher brjóti alþjóðalög sem kveða á um að hlífa skuli almenningi í



Hinsegin fólk talar fyrir samþykkt nr. þar sem þing PSI viðurkenni að öfga hægri stjórnsmál hafa alltaf einkennst af pólitískum verkefnum sem byggja á hugmyndafræðilegu og pólitísku ofbeldi sem beinist gegn ákveðnum hópum íbúa samfélaganna. Pólitískt verkefni þessa aflu beinist gegn réttindum kvenna, fólki á flótta, réttindum LGBT+ fólks og gegn þjóðernis- og/eða trúarlegum minnihlutahópum.

stríðsátökum. Samt er Ísraelsher að drepa börn og almenning.“ Eftir umræður var ályktun nr. 48 um stríðið í Palestínu samþykkt.

Réttlæti fyrir alla

Svo fór að hitnaði í kolunum á fjórða degi þingsins þegar ályktun nr. 3 var rædd, sem fjallar m.a. um réttindi LGBT+ og hinsegin fólks og efnahagslegt öryggi og réttlæti fyrir alla.

Í henni segir að PSI viðurkenni að öfgahægristjórnsmál hafi alltaf einkennst af pólitískum verkefnum sem byggja á hugmyndafræðilegu og pólitísku ofbeldi er beinist gegn ákveðnum hópum íbúa samfélaganna. Pólitískt verkefni þessara aflu beinist gegn réttindum kvenna, fólki á flótta, réttindum LGBT+ fólks og gegn þjóðernis- og/eða trúarlegum minnihlutahópum.

Þá stendur að PSI viðurkenni að þróun hægri öfgahugmynda sé ein af afleiðingum kapítalismans, að alþjóðavæðingin eyðileggi félagsleg og umhverfisleg gildi og hafi stuðlað að ójöfnuði í lýðræðissamfélögum. Fólki, sem talaði fyrir ályktuninni, var mikið niðri fyrir vegna þess að réttindi hinsegin og LGBT+ fólks eru fótum troðin. Ekki voru allir sammála þessari ályktun og fyrir utan salinn brutust út mótmæli gegn henni. Engu að síður, og sem betur fer, samþykkti þingið ályktunina sem styrkir baráttuna fyrir réttlátari samfélögum og rétti fólks að fá að lifa eins og það langar til og ráða yfir lífi sínu án þess að eiga á hættu að vera útskúfað og jafnvel myrt fyrir að vera það sjálft.

Inni í þingsalnum fagnaði þingið samþykkt á ályktun nr. 3. en fyrir utan þingsalinn brutust úr mótmæli gegn þar sem Britta Lejon, nýkjörin forseti PSI, reyndi að stilla til friðar.

Loftslagsbreytingar af mannavöldum

Á fjórða og síðasta degi þingsins var einnig fjallað um loftslagsbreytingar af mannavöldum. Fulltrúar þingsins

sögðu í ræðum sínum að loftslagsbreytingar ykjust enn hraðar en sérfræðingar hefðu spáð fyrir um og íbúar í öllum heimsálfum þjáðust vegna afleiðinganna. Það sem knýr áfram loftslagsbreytingarnar eru kröfur einkafyrirtækja um hagnað af að reka vatnsból og orkuver sem áður voru í opinberri eigu ásamt orkufrekum einkarekstri. Fulltrúar þingsins töluðu einum rómi um að vatn og orkuveitur mætti ekki einkavæða og stöðva yrði þá þróun. Þeir innviðir þurfa að vera í opinberri eigu og í þágu íbúanna en ekki í þágu einkafyrirtækja sem hvorki taka tillit til fólks eða náttúru.

Enn fremur kom fram loftslagskrísan er nú þegar orðin að veruleika fyrir lítil eyríki og strandsamfélög. Viðvörðunarmerkin halda áfram að birtast, allt frá stórfloðum til fellibylja og aukins fólksflóttu vegna loftslagsbreytinganna. Ljóst er að án aðgerða eru örlög allra vistkerfa jarðar í hættu. Þá er starfsfólk í almannajónustu ætíð fyrstu viðbragðsaðilar í veðurfarsslysum. Það þekkir á eigin skinni hversu brýn þörf er á pólitískum aðgerðum til að draga úr hlýnun jarðar.

Rætt var um að Parísarsamkomulagið virkaði ekki til að halda einkafyrirtækjum í skefjum í ásælni þeirra í auðlindir jarðar, né til ábyrgðar á loftslagshlýnuninni. Þá væru ríkisstjórnir ekki á réttri leið til að ná losunarmarkmiðum sínum. Eftir 25 ára samningaviðræður hefðu ríkisstjórnir samþykkt aðgerðir sem virkuðu ekki. Fulltrúar þingsins sögðu að enn blasti við 3°C stiga hækkun á meðalhita jarðar sem myndi eyðileggja heilu vistkerfin, valda útrýmingu dýrategunda og einnig ómældum þjáningum milljóna manna.

Þau sem tóku til máls enduðu ræður sínar á að hrópa: **„PEOPLE OVER PROFIT“.**

Fleiri frétti frá PSI-þinginu má lesa á vef Sameykis undir Fréttir. ■

Spila með ótta og samsæris- kenningar

Hulda Þórisdóttir er prófessor við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Hún er doktor í sálfræði og hennar sérsvið er stjórnmálasálfræði, stjórnmálaviðhorf, samspil tilfinninga og stjórnmálaskoðana og samsæriskenningar. Eftir doktorsútskrift 2007 starfaði hún í Princeton-háskóla í Bandaríkjunum, síðan lá leiðin til Háskóla Íslands 2009 þar sem hún starfaði sem lektor, síðar dósent og nú prófessor við stjórnmálafræðideild. Hí frá því í sumar. Árin 2018–20 gegndi hún stöðu aðstoðarprófessors í sálfræði við New York-háskóla í Abu Dhabi og stundaði þar þverfaglegar rannsóknir í stjórnmálasálfræði.





Hulda er einn helsti rannsakandi og sérfræðingur þjóðarinnar í þessu samspili viðhorfa almennings til stjórnmála og samfélags. Við settumst niður á heimili hennar í Laugarneshverfinu og ræddum saman um stjórnmálafræði og sálfræði og hvernig það tvennt fer saman. Tíu dögum eftir að Hulda hóf doktorsnám í New York-háskóla voru árásinar á Tvíburaturnana í World Trade Center gerðar. Hún segir að doktorsverkefni sitt hafi mótast mjög af þeim atburðum og í kjölfarið hafi hún í rannsóknunum sínum leitast við að svara því hvers vegna fólk hefur ákveðnar skoðanir – og hvort og þá hvað í umhverfinu hefur áhrif á þær skoðanir.

„Rannsóknir mínar eru á þverfaglegu sviði stjórnmála-sálfræði. Þó ég starfi í stjórnmálafræðideildinni er öll mín menntun, BA-próf, meistaraþróf og doktorsþróf í sálfræði. Því nálgast ég mín viðfangsefni og rannsóknir, hvers vegna fólk hefur ákveðnar skoðanir og hverju þær tengjast, með gleraugum sálfræðinnar. Vegna atburðanna í New York mótaðist mitt doktorsverkefni mjög af þessu. Þar rannsakaði ég áhrif ótta og kvíða á stjórnmálaskoðanir fólks. Á þessum tímum var fólk uppfyllt af ótta og ég sá hvernig stjórnmálafólk og fjölmiðlar spiluðu mikið með óttann sér í hag. Það fannst mér mjög áhugavert að verða vitni að. Ég byrjaði þá að skoða sálfræðilega forspárþætti þessa kerfis, þegar fólk sagðist vera annaðhvort til vinstri eða til hægri í stjórnmálunum sem leiddi mig svo árið 2016 í að kanna samsæriskenningar sem segja má að séu ekki svo fjartengdar atburðunum 11. september.“

Hulda starfar einnig á sviði hagnýtingar félagslegrar sálfræði sem er ótengt stjórnmálasálfræðinni, í svonefndum hegðunarvísindum. Þar er fengist við rannsóknir á hvernig hjálpa má fólki og stjórnvöldum í að fylgja eftir ætlunum sínum um góða hegðun; að hanna stefnur með velferð fólks í huga. Hún segir að vegna smæðar Íslands sé það á eftir mörgum vestrænum löndum í þessum efnum en þetta sé fastur liður í stjórnsýslukerfum norrænu landanna – að vísindasamfélagið hjálpi fólki en líka stjórnvöldum að fylgja eftir þeim velferðarstefnum sem þau hafa lofað almenningi að móta eftir kosningar. Hún segir að á Íslandi sé mikill áhugi fyrir slíku samstarfi en það skorti mannskap og fjármagn til að hrinda slíku verkefni eða hugmyndafræði af stað og opna sérstaka skrifstofu. Hún segist þó trú á því að stutt sé í að það breytist.

Samsæriskenningar taka flugið

En áfram með samsæriskenningarnar. Þetta er djúpt rannsóknarefni og ekki á hvers manns færi að tala um stjórnmálasálfræði. Um hvað ertu að tala?

„Sko,“ segir Hulda og hlær. „Hér áður fyrr og kannski alveg fram til ársins 2016 var það bara talið akademískt hobbí að skoða samsæriskenningar og það væri kannski ekki mikil þörf á því. Það viðhorf snarþreyttist eftir Brexit og síðar forsetakosningarnar í Bandaríkjunum og samsæriskenningarnar tóku flugið fyrir alvöru um þetta leyti. Sem fræðimaður og rannsakandi samsæriskenninga fannst mér mjög áhugavert að verða vitni að



Hér áður fyrr og kannski alveg fram til ársins 2016 var það bara talið akademískt hobbí að skoða samsæriskenningar og það væri kannski ekki mikil þörf á því.

þessum breytingum. Þessu varð ég líka vitni að í Brexit þar sem mikið var um samsæriskenningar í kringum það. Allt fer þetta svo í einn hrærigraut við upplýsingaóreiðuna, þó að hún feli ekki endilega í sér samsæriskenningar. Í Brexit var í gangi kenning sem kennd er við The Great Replacement Theory [er þekkt samsæriskenning hvíttra þjóðernissinnaðra hægriöfga] sem tekur á sig margar birtingarmyndir en í Brexit umhverfðist hún um að öfgafullir múslimar í Arabalöndunum hefðu vísitandi sent fólk á sínum vegum til Evrópu til þess að ná þar yfirhöndinni, koma á Sharia-lögum og taka yfir álfuna. Þessi kenning er sterk meðal hægri þjóðernispopúlískra flokka í Evrópu.“

Hópur satanískra mannæta

Hulda segir að eins sé farið í Bandaríkjunum sem kalla megi vöggu samsæriskenninganna. Hún segir að þær hafi svo tekið flugið í kosningabaráttu Donalds Trump og tengt saman áður Pizzagate og í beinu framhaldi QAnon. Hún segir að Trump og hans fylgjendur hafi haldið því fram í kosningabaráttunni að Obama væri ekki fæddur í Bandaríkjunum og þar af leiðandi ekki löglegur forseti landsins.

Pizzagate

Pizzagate samsæriskenningin er almennt talin forveri QAnon samsæriskenningarinnar. Pizzagate er samsæriskenning um tölvupósta Hillary Clinton þar sem fullyrt var að þeir innihéldu kóðuð skilaboð sem tengdu saman nokkra háttsetta embættismenn Demókrataflokksins og áttu að sanna mansal og barnakynlífsþring.

QAnon

QAnon fjallar um tilhæfulausar fullyrðingar gerðar af nafnlausum einstaklingi eða einstaklingum sem kallast „Q“. Þessar fullyrðingar hafi verið settar fram og þróaðar af netsamfélögum og áhrifafólki. Kjarninn í þeim er sá að um sé að ræða hóp satanískra mannæta og barnaniðinga sem reka alþjóðlegan barnasmýglhring og stunda samsæri gegn Donald Trump.

„Samsæriskenningarnar hefjast um þetta leyti fyrir alvöru með Pizzagate og í framhaldi QAnon, en Trump var mjög harður í að halda fram þessum samsæriskenningum. Það sem byrjaði með Pizzagate og svo QAnon sjáum við svo birtast með mjög alvarlegum hætti með innrásinni í þinghúsið 6. janúar 2021 þar sem fólk hélt því fram að kosningunum hefði verið stolið,“ segir Hulda.



„Það eru til dæmi um stjórnámamenn sem reyndu að spila fram óttaspilinu en mistókst einfaldlega vegna þess að þeir voru ekki trúverðugir – fólk sá í gegnum þá. Það er náttúrulega þannig að ef ég sé í gegnum það að þú ætlir að spila með mig geturðu gleymt því að ég ætli að fylgja þér.“

Covid-faraldurinn frjóasta uppsprettan

Hún segir að um þetta leyti hafi almenningur verið kominn með miklar áhyggjur af pólitískum afleiðingum samsæriskenna á lýðræðið í Bandaríkjunum en á sama tíma hófst COVID-19 heimsfaraldurinn.

„Það er algjörlega þannig, af ýmsum sálfræðilegum ástæðum, að covid-faraldurinn er einn sá frjóasti jarðvegur sem þú getur fundið fyrir uppsprettu samsæriskenna, enda urðu þær til í miklu magni sem tengdust tilurð faraldursins, hvernig hann dreifðist og svo tengt bóluefnum – hverjir væru að hagnast á þeim og hvað lægi þar að baki. Allt í einu voru samsæriskennar ekki lengur einhver gæluverkefni sérvitra fræðimanna, heldur skipti það raunverulega miklu máli að skilja hvers vegna fólk aðhyllist samsæriskennar og hverjar afleiðingarnar af þeim eru fyrir lýðræðið og lýðheilsu.“

Þú nefnir þessi átök milli hópa, skoðana og samsæriskenna. Við sjáum átök um allan heim – en hver er ógnin?

„Það fer mjög eftir því hvar maður er staddur í heiminum hver ógnin er, ekki aðeins landfræðilega, heldur efnahagslega og

félagslega og hvaða kyni þú tilheyrir. Það steðjar að okkur mismikil ógn eftir þessari stöðu.

Allt frá tímum Niccolò Machiavelli, sem skrifaði bókina Furstann og kom úr á 16. öld, til dagsins í dag má segja að ógn eða ótti sé valdataeki. Machiavelli starfaði í opinberri þjónustu og bókinn sem hann skrifaði er leiðarvísir handa kóngafólki og furstum um hvernig halda skuli völdum og auka þau. Þar sagði hann um óttann: „Þú vilt bæði að þegnar þínir elski þig og óttist þig, en ef þú þarft að velja, viltu frekar að þegnar þínir óttist þig.“ Allt frá þessum tímum hafa kænir stjórnámamenn áttað sig á mikilvægi þess að spila rétt með óttann, því ef kallaður er fram hæfilega mikill ótti við eitthvað, hvort sem það er ótti við innflytjendur, ótti við lýðræði, ótti við efnahagslegan jöfnuð eða hvað sem er, er hægt er að búa til ógn og ótta við ýmsu,“ útskýrir hún.

Hulda segir að ef stjórnmalafólk nái að búa til einhverja ógn og nái að sannfæra sitt fólk um að ógnin sé aðsteðjandi, og sannfæri um leið um að sá eða sú komi því til bjargar frá ógninni, sé komið mikið vald og öflugt tæki til að fá fólk til fylgis við sig.

„Þetta er vel þekkt en þetta getur líka misheppnast. Það eru til

dæmi um stjórnámamenn sem reyndu að spila fram óttaspilinu en mistókst einfaldlega vegna þess að þeir voru ekki trúverðugir – fólk sá í gegnum þá. Það er náttúrulega þannig að ef ég sé í gegnum það að þú ætlir að spila með mig geturðu gleymt því að ég ætli að fylgja þér.“

Langsóttar samsæriskenningar

Þegar umræðunni er snúið að ungu fólki og lýðræðinu segir Hulda að samkvæmt rannsóknum trúir eldra fólk fremur en yngra fólk samsæriskenningum hér á landi, og frekar konur en karlar. Þá sé einkenni fólks sem trúir á samsæriskenningar að það hefur ákveðið óþol gegn óvissu og óreiðu.

Svo eru falsfréttir og samsæriskenningar líka framleiddar – þær spretta ekki upp úr engu?

„Það er alveg rétt, en svo skiptir það líka mjög miklu máli að hafa í huga að það er ekki alltaf óskynsamlegt að trúa samsæriskenningu upp á stjórnvöld sem þú treystir ekki, bara alls ekki. Skýrt dæmi um það er í Rússlandi. Það er ekki óskynsamlegt ef þú býrð þar að draga fullyrðingar þinna stjórnvalda í efa og hvað búi þar að baki. Það er ekki endilega hægt að ganga að því vísu að það sem þér er sagt af stjórnvöldum sé endilega sannleikurinn, heldur að þar sé einmitt samsæri að baki,“ segir Hulda.

Hún segir að þegar hún hóf að rannsaka samsæriskenningar hafi hún haft einfalda sýn á viðfangsefnið miðað við þá sem hún hefur nú.

„Ég hafði rosalega einfaldaða sýn á hvað hverjir trúðu o.s.frv. Veröldin er miklu flókari og ég hef mun meira umburðarlyndi en áður eftir því sem ég skoða þetta betur. Það er líka mjög mikill munur á því að trúa ýktri samsæriskenningu eins og að jörðin sé flöt og að heiminum sé stýrt af eðlufólki eða trúa því hvort lyfjafyrirtækin hafi kannski einhvern tímann logið að fólki til þess að tryggja eigin hagnað. Þarna er langur vegur á milli og því má ekki setja allar samsæriskenningar undir sama hatt. Samsæriskenningar eiga það sameiginlegt að þær eru langsóttar skýringar sem ganga yfirleitt gegn viðurkenndum skýringum, og þær innihalda þá kröfu að fjöldi fólks hafi náð að þaga yfir einhverri yfirhlymingu sem margir halda fram að sé útilokað þegar um stórar samsæriskenningar sé að ræða. Ég vil að það komi fram að það sem einkennir fólk sem trúir á samsæriskenningar er að það hefur ákveðið óþol gegn óvissu og óreiðu og hefur mjög sterka þörf fyrir að fá skýringu á hlutunum.“

Ungt fólk tortryggjari en eldri kynslóðir á stjórn málin

En hvað segir stjórn málasálfraeðin um ungt fólk. Tekur ungt fólk virkan þátt í lýðræðinu og treystir það stjórn málafólki?

„Stórt er spurt,“ segir Hulda alvarleg í fasi. „Kjörsókn ungs fólks 18 ára og eldri hefur farið niður á við og hefur minnkað meira en hjá öðrum hópum í okkar þjóðfélagi. Það er sannarlega áhyggjuefni. Við fengum upplýsingar eftir síðustu alþingiskosningar þar sem greint er eftir bakgrunni fólks, þ.e. hvort viðkomandi sé með uppruna annars staðar en hér á landi, er af fyrstu eða annari kynslóð innflytjenda o.s.frv. Þá kemur í ljós að gríðarlegur munur er á þátttöku þessara hópa í



Ef við skoðum ungt fólk nánar og spyrjum það spurninga, t.d. um hvort þau hafi áhuga á stjórn málum og hvort þau kunna að meta lýðræðið, sjáum við nánast engan mun á milli kynslóða og heldur ekki minni áhuga á stjórn málum nú heldur en áður. Allar mælingar sem við höfum eru ekki á þá leið að ungt fólk hafni lýðræðinu. Þó kemur einnig í ljós að ungt fólk er líklegra en þau sem eldri eru að telja stjórn málafólk spilt.

Lýðræðislegum athöfnum samfélagsins eins og kosningum. Ólíkt hér á landi hefur samkvæmt rannsóknum á kosninga-þátttöku í Svíþjóð tekist mjög vel þar að ná til fólks sem er ekki einungis með sænskan uppruna til þess að taka þátt í stjórn málum.

Ef við skoðum ungt fólk nánar og spyrjum það spurninga, t.d. um hvort þau hafi áhuga á stjórn málum og hvort þau kunna að meta lýðræðið, sjáum við nánast engan mun á milli kynslóða og heldur ekki minni áhuga á stjórn málum nú heldur en áður. Allar mælingar sem við höfum eru ekki á þá leið að ungt fólk hafni lýðræðinu. Þó kemur einnig í ljós að ungt fólk er líklegra en þau sem eldri eru að telja stjórn málafólk spilt. Þannig að þau eru tortryggjari en eldri kynslóðir á stjórn málin. Þau hafa hins vegar jafn mikið traust á stjórnarfarinu og þau sem eru eldri, en treysta samferðafólki sínu jafnvel meira en þau sem eldri eru.“

Að lokum segir Hulda að Íslendingar trúir almennt ekki samsæriskenningum sem tengjast vísindum en hallist frekar undir samsæriskenningar af pólitískum toga. Því má segja að við sem þjóð treystum vísindum og vísindafólki en séum tortryggjari á stjórn máli og stjórn málafólki sem hún telur án efa tengjast efnahagshruninu og enn sé verið að súpa seyðið af því. Hún er þó bjartsýn á að traust aukist og ungt fólk valdi þeirri ábyrgð að greina rétt frá röngu.

„Ég er ein af þessum óþolandi bjartsýnispésimum og ég get eiginlega ekki verið annað en bjartsýn miðað við þau gögn sem við höfum. Að því sögðu fleygir tækninni fram og þó að ungt fólk geti verið snjallara í að greina rangar upplýsingar frá réttum megum ekki að sofna á verðinum því þau sem búa til og dreifa falsfréttum og samsæriskenningum gera það ekki.“ ■

Stöndum með þolendum

Eftir Jóhönnu Þórdórsdóttur og Axel Jón Ellenarson

Í október sl. stóðu VIRK og heildarsamtök launafólks; BSRB, ASÍ, KÍ og BHM fyrir starfsdegi fyrir starfsfólk stéttarfélaganna með það markmið að auka þekkingu starfsfólks stéttarfélaganna og bæta móttöku þolenda kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni og ofbeldis á vinnustöðum. Yfirskrift verkefnisins er „Stöndum með þolendum“. Erindin á málstofunni voru fjölbreytt og fjallað var um ýmsar birtingarmyndir kynferðis- og kynbundins ofbeldis og áreitni á vinnustöðum. Farið var sérstaklega yfir áreitni gagnvart fötluðu fólki, innflytjendum og hinsegin fólki og þátttakendur fræddir um leiðir og tæki til að aðstoða þolendur.



Rót vanda kynferðisofbeldis og kynferðislegrar áreitni er misrétti

Finnborg Salome Steinþórsdóttir, aðjunkt í kynjafræði við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, fjallaði um kynbundið ofbeldi á vinnustöðum í ljósi kynjaðra og samtvinnnaðra valdatengsla í samfélaginu. Hún sagði að meirihluti þeirra sem beitt væru kynferðislegri áreitni og ofbeldi tilkynntu ekki formlega um áreitnina eða ofbeldið sem þau yrðu fyrir á vinnustaðnum.

„Ástæðan er sú er að þolendur telja áreitnina oft ekki nógu alvarlega – en kynferðisleg áreitni hefur mikil áhrif innan vinnustaða, er orkusuga og skapar óryggi innan vinnustaðarinnar. Slík áreitni kemur í veg fyrir þátttöku í félagslífi vinnustaðarinnar, fólk einangrar sig, veikindi aukast og fjarvera frá vinnustaðnum verður tíðari o.s.frv. Við þurfum að ráðast að rót vandans sem er misrétti. Það er gert með því að brjóta upp valdastrúktúr innan vinnustaðarinnar. Einnig að brjóta upp ófaglega hegðun á vinnustaðnum. Við þurfum líka að breyta viðmiðum um hvað er ásættanleg hegðun og hvað er ekki ásættanleg hegðun. Kynbundnir brandarar eru t.d. alls ekki ásættanlegir, þá þarf að þjálfar starfsfólk í að bregðast við óásættanlegri hegðun á vinnustaðnum og að taka ábyrgð með þolandanum gegn áreitni og ofbeldi,“ sagði Finnborg Salome.

Kynferðisleg áreitni á vinnustöðum

Edda Björk Þórðardóttir, sálfræðingur og lektor í faraldsfræði við læknadeild Háskóla Íslands, sagði í sínu erindi að kynferðisleg áreitni gæti verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. Hún væri oft sett fram sem grín eða hrós.

„Kynferðisleg áreitni brýtur niður sjálfstraust kvenna og veldur kvíða sem getur leitt til þunglyndis. Erlendar rannsóknir benda til að 11–72 prósent kvenna hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað og í rannsóknarskýrslunni Valdbeiting á vinnustað (2020), kemur fram að sérfræðingar í umönnunarstörfum eru líklegri til að verða fyrir áreitni en aðrir. Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að 33 prósent kvenna

hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi á vinnustað og 8 prósent svöruðu að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað. Konur sem starfa á opinberum vettvangi, við sviðslistir, tónlist og íþróttir eru líklegastar til að verða fyrir kynferðislegri áreitni og einhleypar konur eru líklegri en þær sem eru giftar eða í sambúð að verða fyrir slíku. Þá eru konur sem vinna í vaktavinnu líklegri til að verða fyrir kynferðislegri áreitni,“ útskýrði Edda Björk.

Edda Björk benti á að ábyrgð atvinnurekanda væri skýr í lögum, og sömuleiðis ábyrgð stjórnenda á vinnustöðum, en samstarfsmenn þyrftu líka að leggja sitt af mörkum.

„Ef við bregðumst ekki við með því að breyta viðhorfum okkar – hvernig heilbrigð viðhorf til þessara mála eru á vinnustöðunum – þá erum við að samþykka þessa menningu og líklegast er að þolandinn hætti og gerandinn haldi áfram að áreita. Við megum ekki ýta undir þá menningu að þagga þessi mál niður,“ sagði Edda Björk.




Frá starfsdeginum „Stöndum með þolendum“

Móttaka þolenda kynferðisofbeldis

Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, lögfræðingur ASÍ, og María Þóra Þorgeirsdóttir, verkefnastjóri hjá VIRK fjölluðu um verklag og verkferla fyrir starfsfólk stéttarféлага vegna móttöku þolenda kynferðisofbeldis og áreitni.

Þær sögðu að heildarsamtök launafólks ynnu í að gefa út leiðbeinandi verklag og verkferil fyrir starfsfólk stéttarfélaganna. Verkferillinn er unninn að með aðkomu ASÍ, BSRB, KÍ, BHM og VIRK.

„Ástæða þess að vera með upplýst verklag og verkferla vegna móttöku þolenda kynferðisofbeldis er að fólk þarf að upplifa öryggi í aðgerðum síns stéttarfélags, að það upplifi raunverulega aðstoð. Við viljum stuðla að fagmennsku og draga úr endurkomu vegna misskilnings, hlífa þolendum við endurfrásögn af atburðinum og forðast í lengstu lög að senda fólk á milli staða í leit að hjálp,“ sagði Karen Ósk. ■




DAGBÓKIN 2024

Félagsfólk sem hefur áhuga á að eignast dagbókina fyrir árið 2024 í stærðinni A6 geta pantað hana á vef Sameykis og verður hún send til viðkomandi. Hægt er að panta fleiri en eina dagbók, t.d. fyrir hóp á vinnustaðnum.

Hægt að hringja á skrifstofutíma í síma 5258330 milli kl. 9:00 - 15:00 mánudaga til fimmtudags og föstudaga frá kl. 9:00-13:00.



SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNARÞJÓNUSTU



Jafnlaunavottun – eru störf kvenna minna virði en karla?

Eftir Rögnu Kemp Haraldsdóttur, Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur og Guðbjörgu Andreu Jónsdóttur

Ýmsar kenningar hafa verið settar fram um orsakir kynbundins vinnumarkaðar og kynbundinna launa sem fyrirfinnst þrátt fyrir tilraunir stjórnvalda og fleiri aðila til að afnema slíkt með lagasetningu og fleiri aðgerðum. Þar má t.d. nefna kenningar um að hver og einn sé metinn að eigin verðleikum (e. meritocracy) en þær kenningar varpa fyrst og fremst ljósi á ábyrgð einstaklinga á eigin stöðu. Einnig leggja kenningar um ábyrgð skipulagsheilda (e. structural explanations) áherslu á það skipulag sem einkenni atvinnulífið og komi í veg fyrir jöfn tækifæri kynjanna (Cech og Blair-Loy, 2010). Með aukinni atvinnuþátttöku kvenna síðustu áratugina þykir æ ljósara að ójöfn staða á vinnumarkaði er ekki afsprengi einstaklingsbundinna aðstæðna, hvað þá áhuga- og reynsluleysis kvenna, heldur sé hefðbundnu skipulagi atvinnu- og fjölskyldulífs um að kenna (Bolzendahl og Myers, 2004). Atvinnuþátttaka kvenna undanfarin ár hafi þannig afhjúpað ranghugmyndir um vangetu kvenna og grafið undan einstaklingsbundnum skýringum á kynbundnum ójöfnuði. Eins og fram kom í aðsendri grein frá Jafnlaunastofu í kjölfar Kvennavekfalls þann 24. október sl. er kynbundið launamisrétti ekki aðeins tölfærðilegt viðfangsefni þar sem rýnt er í óleiðréttan og leiðréttan launamun, „heldur félags- og efnahagslegur veruleiki kvenna sem hefur áhrif á lífsgæði og efnahagslega stöðu þeirra alla ævi“ (Bryndís Guðmundsdóttir o.fl., 2023).

Of frjálssar hendur við útfærslu viðmiða

Þrátt fyrir markmið stjórnvalda víða um heim að afnema kynbundinn launamun, þá er það einungis hér á landi sem fyrirtækjum og stofnunum, þar sem starfa að jafnaði 25 einstaklingar eða fleiri á ársgrundvelli, hefur verið gert að innleiða jafnlaunastaðal og öðlast jafnlaunavottun (Sif Sigmarsdóttir, 2018; Wagner, 2020). Markmið stjórnvalda er að koma í veg fyrir ómálefnalega kynbundna launasetningu (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Jafnlaunastaðall hefur einkum verið gagnrýndur fyrir skrifræði og kerfisvæðingu við innleiðinguna, auk þess sem takmörkuð trú hefur verið á tilætluðum árangri staðalsins, þar sem aðilar hafi of frjálssar hendur við útfærslu viðmiða og geti hagrætt niðurstöðum ef vilji er fyrir hendi. Þegar rýnt er í jafnlaunavottun kemur í ljós að ekki eru ávallt sömu forsendur fyrir útreikningum launa milli vottunaraðila og að huglægt mat er lagt á frammistöðu starfsfólks. Þá hafa komið fram áhyggjur af að jafnlaunastaðallinn taki aðeins á hluta þess

vanda sem skapar launamun kynjanna. Hann taki t.a.m. ekki á þeim launamun sem skýrist af því að hefðbundin kvennastörf séu minna metin en hefðbundin störf karla (Guðbjörg Ingunn Óskarsdóttir og Ragna Kemp Haraldsdóttir, 2021; Wagner, 2020).

Hætta á að vottunin komi ekki í veg fyrir kynbundið valdaójafnvægi

Enn þarf að ryðja burt kerfislægum hindrunum sem geta stuðlað að kynbundnum launamun, þrátt fyrir innleiðingu jafnlaunastaðals. Bent hefur verið á að jafnlaunavottunin geti fest í sessi rök fyrir ólíkum launum sem greidd eru fyrir hefðbundin kvenna- og karlastörf. Þróun, innleiðing og framkvæmd jafnlaunavottunar feli í sér ákveðið frelsi þar sem skipulagsheildir

“

Enn þarf að ryðja burt kerfislægum hindrunum sem geta stuðlað að kynbundnum launamun, þrátt fyrir innleiðingu jafnlaunastaðals. Bent hefur verið á að jafnlaunavottunin geti fest í sessi rök fyrir ólíkum launum sem greidd eru fyrir hefðbundin kvenna- og karlastörf.

hafi tiltekið rými til útfærslu viðmiða við starfaflokkun og launagreiningu (Staðlaráð Íslands, 2012). Þannig sé hægt að setja upp eins marga starfaflokka og hentar hverri skipulagsheild og þar með minnka líkurnar á óleiðréttum launamun við launagreiningu. Mælikvarðar og markmið fyrir forsendum jafnlaunavottunar eru því í höndum stjórnenda sem hana innleiða. Þannig skapast ákveðin hættu á að vottunin komi ekki í veg fyrir kynbundið valdaójafnvægi innan og utan skipulagsheilda (sjá t.d. Katrín Ólafsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir, 2015) heldur verði einstaklingsbundin launaviðmið sniðin að kynbundnum veruleika sem þegar er til staðar.



Meginmarkmið rannsóknar Rögnu Kemp Haraldsdóttur, Guðbjargar Andreu Jónsdóttur og Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur, sem birtist í tímaritinu *Stjórnmal og stjórnsýsla* (2022), var að greina árangur jafnlaunastaðals með því að fá fram sjónarhorn þeirra fjögurra vottunaraðila sem höfðu löggildingu á sviði jafnlaunavottunar árið 2021. Þá var rýnt í niðurstöður launarannsóknar Hagstofu Íslands árin 2012–2020 meðal skipulagsheilda sem höfðu 25 eða fleiri starfandi á ársgrundvelli. Laun karla og kvenna innan skipulagsheilda sem höfðu fengið vottun voru borin saman við laun í skipulagsheildum án vottunar, sem og í vottuðum skipulagsheildum fyrir og eftir vottun. Rannsóknin var styrkt af Jafnréttissjóði.

Gallarnir í vottunarferlinu sjálfu

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að vottunaraðilar héldu því fram fullum fetum að jafnlaunastaðallinn hefði skilað árangri. Þeir höfðu allir upplifað að viss vitundarvakning hefði átt stað þegar fólk „sæi ljósið“ og áttaði sig á þeirri innbyggðu mismunun sem finna má við gerð launagreiningar. Sama má segja þegar rýnt var í virði starfa og uppbyggingu starfaflokka, út frá eiginleikum starfs en ekki þeirra einstaklinga sem sinna störfunum. Hins vegar er ljóst – og það sáu einnig vottunaraðilarnir – að gallarnir eru margir í vottunarferlinu sjálfu. Á það bæði við um aðferðafræði vottunaraðila auk skorts á regluverki með ráðgjöfum og vottunaraðilum.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu einnig að munur á reglulegum launum karla og kvenna hafði dregist saman um tæp átta prósentustig á tímabilinu 2012–2020, en lítil munur reyndist vera á þróun launa í skipulagsheildum sem höfðu fengið vottun og öðrum. Því var ekki hægt að sjá að innleiðing jafnlaunastaðals hefði haft bein áhrif á launamun kynjanna á þeim tíma. Jafnlaunastaðallinn og umræða um hann gæti þó haft óbein áhrif í þá veru að draga úr launamun kynja almennt.

Hafa ber í huga að stutt var liðið frá því að jafnlaunastaðallinn var innleiddur þegar rannsóknin var framkvæmd og því gætu jákvæðar breytingar, sem gerðar hafa verið á launakerfum skipulagsheilda og draga munu úr „ómálefnalegum“ launamun kynjanna, mögulega átt eftir að koma fram. Mikilvægt er að hafa í huga að fyrsta vottun jafnlaunastaðals er vottun á að viðkomandi skipulagsheild starfræki jafnlaunakerfi og hafi unnið að undirbúningi jafnlaunavottunar í samræmi við skilyrði staðalsins og lagalegar kröfur. Það er hins vegar ekki fyrr en að lokinni fyrstu vottun sem eiginlegar úrbætur geta orðið, þegar frábrigði hafa komið í ljós, aðgerðaáætlun hefur verið samþykkt við rýni stjórnenda og athugasemdir vottunaraðila hafa skilað sér. Það er því ljóst að jafnlaunastaðallinn hefur haft í för með sér jákvætt gæðastarf í skipulagsheildum og bætt yfirsýn stjórnenda hvað varðar launasetningu starfsfólks en enn á eftir að koma í ljós hvort og að hve miklu leyti það á eftir að draga úr kynbundnum launamun í viðkomandi skipulagsheildum. ■

Heimildir: Bolzendahl, C. I. og Myers, D. J. (2004). Feminist attitudes and support for gender equality: Opinion change in women and men, 1974–1998. *Social Forces*, 83(2), 759–789. <https://doi.org/10.1353/sof.2005.0005>

Bryndis Guðmundsdóttir, Helga Björg O. Ragnarsdóttir og María Björk Lárusdóttir. (2023, 24. október). *Munar þig um 47 milljónir?* Visir. <https://www.visir.is/g/20232479200d/munar-thig-um-47-milljonir->

Cech, E. A. og Blair-Loy, M. (2010). Perceiving glass ceilings? Meritocratic versus structural explanations of gender inequality among women in science and technology. *Social Problems*, 57(3), 371–397. <https://doi.org/10.1525/sp.2010.57.3.371>

Guðbjörg Ingunn Óskarsdóttir og Ragna Kemp Haraldsdóttir. (2021). Innleiðing jafnlaunakerfis hjá skipulagsheildum: Stuðningur, hindranir og næstu skref. *Tímarit um viðskipti og efnahagslíf*, 18(2), 21–44. <https://doi.org/10.24122/tve.a.2021.18.1.2>

Katrín Ólafsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir. (2015). *Staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði*. Velferðarráðuneytið. https://www.stjornarradid.is/media/velferddarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2015/Stada_karla_og_kvenna_29052015.pdf

Ragna Kemp Haraldsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (2022). Að sniða verkfærið að veruleikanum eða veruleikann að verkfærinu? Um jafnlaunastaðal og afnám kynbundinna launa. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 18(2), 235–260. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2022.18.2.4>

Sif Sigmarsdóttir. (2018, 5. janúar). *Once more, Iceland has shown it is the best place in the world to be female*. The Guardian. <https://www.theguardian.com/commentisfree/2018/jan/05/iceland-female-women-equal-pay-gender-equality>

Staðlaráð Íslands. (2012). ÍST 85:2012 *Jafnlaunakerfi – kröfur og leiðbeiningar*. <https://www.ist85.is/>

Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Jafnlaunavottun*. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/manretti-og-jafnretti/jafnretti/jafnlaunavottun/>

Wagner, I. (2020). Equal pay for work of equal value? Iceland and the equal pay standard. *Social Politics: International Studies in Gender, State & Society*, 29(2), 477–496. <https://doi.org/10.1093/sp/jxaa032>



Félagsfólk ánæggt með tímarit Sameykis

Eftir Axel Jón Ellenarson




Í könnun Gallup á lestri tímarits Sameykis kemur fram að 56 prósent félagsfólks lásu tímaritið sem kom út í maí sl., 26 prósent lásu tímaritið síðustu tólf mánuði og 8 prósent hafa einhvern tíma lesið það, en 9 prósent þeirra sem tóku þátt í könnuninni hafa ekki lesið tímaritið. Samtals hafa því 90 prósent lesið tímaritið á því tímabili sem spurt var um.

Pegar spurt var um hversu ánæggt félagsfólk var með tímaritið eða óánæggt svöruðu samtals 95 prósent að þau væru mjög ánægð, frekar ánægð og hvorki né ánægð með tímaritið. Samtals 4 prósent svarenda voru frekar óánægð eða mjög óánægð með tímarit Sameykis.

85% segja tímaritið mjög læsilegt eða frekar læsilegt


Pegar spurt var hversu læsilegt félagsfólki þótti tímaritið vera, sögðu 85 prósent það vera mjög læsilegt eða frekar læsilegt,

Hefur þú lesið eða flett tímariti Sameykis?



en 15 prósent hvorki né læsilegt. Eftir kyni svöruðu 98 prósent karla það vera mjög læsilegt eða frekar læsilegt, og


Hversu ánægð/ur/t eða óánægð/ur/t ertu almennt með tímarit Sameykis?



87 prósent kvenna sögðu það vera mjög læsilegt eða frekar læsilegt. Hjá yngri en 30 ára sögðu 83 prósent það vera mjög læsilegt eða frekar læsilegt, og meðal félagsfólks á aldrinum 30–39 ára sögðu 72 prósent það vera mjög læsilegt eða frekar læsilegt.

Samkvæmt könnuninni les félagsfólk mest um orlofsmál, réttindamál, veikindarétt, launaupplýsingar og launakannanir, viðtöl við félagsfólk, samningsbundnar launahækkunar, umfjöllun um vellíðan og heilbrigði auk vals á stofnun ársins. Einnig leiðaraskrif, þjóðfélagsmál ásamt umfjöllun um húsnæðismál og efnahagsmál.

Finnst þér blaðið læsilegt eða ólæsilegt hvað varðar hönnun og uppsetningu?



Félagsfólk gat skrifað athugasemdir í lok könnunarinnar og meðal þess sem óskað var eftir að fjallað yrði meira um var:

- samningsbundin réttindi og barátta fyrir einstökum málum
- kennsla fyrir félagsfólk að læra að lesa launaseðla og um skattþrep
- fræðsla um fjármál
- sagnfræðileg og menningarleg umfjöllun
- Sameyki, starf þess og baráttumál

- starfslok og lífeyrir
- fréttir á pólsku og ensku
- réttindi og missir þegar félagsfólk hættir á vinnumarkaði
- styrkjaumsóknir og viðtöl
- réttur félagsfólks vegna lækniþjónustu, forfalla vegna veikinda barna og viðbótarlífeyrissparnað
- samspil lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar og hvernig greiðslur úr lífeyrissjóði skerða greiðslur félagsfólks frá TR
- fleiri vandaðar greiningar um efnahags- og þjóðfélagsmál
- ungt fólk á vinnumarkaði og greinar fyrir nýtt félagsfólk

Pónokkrar óskir voru um að hætt yrði að prenta tímaritið og senda það heim til félagsfólks, það væri soun á pappír og óumhverfisvænt. Helstu ástæða þess að tímaritið er gefið út á pappír er stefna Sameykis í útgáfumálum sem tekin er á félagslegum grunni. Félagið gefur út á pappír tímaritið, orlofsblað og ársskýrslu. Félagið reynir að gæta þess að spara eins mikið og hægt er við útgáfuna. Allt efni sem er gefið út er unnið innanhúss, m.a. greinaskrif, umbrot og hönnun ásamt hönnun auglýsinga sem birtast frá félaginu í allri útgáfunni. Þannig er mannauðurinn hjá félaginu vel nýttur. Þá er tímarit Sameykis prentað á svansvottaðan umhverfisvænan pappír sem er í hringrásarferli svansins. Einnig eru notaðir svansvottaðir og umhverfisvænir jurталitir en ekki jarðolíulitir við prentunina. Þá er hægt að fara inn á vef Sameykis undir Fréttir/Útgefið efni og afpanta prentaða útgáfu.

Lestrarkannanir styðja lestur af pappír fremur en skjá

Samkvæmt alþjóðlegri rannsókn Naomi S. Baron, sem er málvísindakona og prófessor emeritus í málvísindum við American University í Washington, á lestri háskólanema sem út kom á bók 2015 (Words on Screen) kom fram að 92% þeirra töldu sig ná mestri einbeitingu við lestur af pappír og 86% töldu hann henta best til lesturs á námsefni háskóla. Þátttakendur í rannsókninni töldu mun léttara að finna aftur þekkingaratriði í námsefni á pappír og endurlestur varð því auðveldari. Þá kom fram að lesendur teldu sig gera fleira en eitt í einu meðan þeir læsu af skjá og töldu þeim um mikið áreiti frá öðru efni á rafrænum miðlum. Naomi S. Baron hefur gefið út fjölda bóka um málefnið. Færa má sterk rök fyrir því að lestur af pappír sé mikilvægur vegna lesskilnings því vissulega er önnur upplifun að lesa af pappír en af skjá. Lestur af skjá lýtur öðrum lögmálum því fólk skannar frekar yfir texta á skjá.

Annað sem er vert að taka fram er að tímaritið berst til alls félagsfólks sem er um 12 þúsund talsins, en aðeins um þriðjungur félagsfólks les vefinn samkvæmt tölfræði í ársskýrslu Sameykis sem finna má á vefsíðu félagsins. Á samfélagsmiðlinum Facebook er stéttarfélagið með um 6800 fylgjendur. Prentaða útgáfan nær þannig til alls félagsfólks í Sameyki og þess vegna árangursríkasta leiðin við að ná til allra.

Umræða um að hætta að gefa út prentaðan texta er vel þess virði og spennandi að eiga samtal um kosti þess og galla að lesa texta af pappír eða af skjá. ■



Brúnkál

Eftir Harald Jónasson



Því lengra sem miðöldrunin færist yfir hætta jólin að snúast um pakka og Jesús Józefsson og byrja að snúast um góðan mat. Kannski líka að gleðja börnin – kannski. Fæstir eru tilbúnir í mikla tilraunastarfsemi með jólamatinn. Þarf helst að vera eins og mamma bjó til, en ef það á að gera tilraunir þessi jólin er sennilega best að byrja á meðlætinu.

Það koma ekki jól hjá mér hérna í Kópavoginum fyrr en búíð er að steikja brúnkál til að hafa með jólamatnum. Rétturinn kemur til mín frá mömmu í gegnum ömmu sem lærði matseld í húsmæðraskóla í Borgarfirði fyrir miðja síðustu öld. Mitt brúnkál er örlítið frábrugðið brúnkálinu hennar mömmu sem var örugglega örlítið frábrugðið því sem amma gerði. Það er eðlileg þróun en amma myndi samt þekkja réttinn. Súrsætt, steikt og soðið hvítkál sem sker sig í gegnum feitan jólamat eins og heitur hnífur í gegn um ískalt smjörlíki.

Skurður og brúning

Hráefnið er ekki flókið; hvítkál, sykur, edik, smjörlíki og salt. Kálið er skorið í strimla. Langbest að tína laufin af hausnum, skera þau einu sinni langsum og svo í þunnar lengjur þvert á þann skurð. Þau súperlötu geta notað matvinnsluvél, en forðumst rifjárn. Viljum sæmilega langa mjóa strimla.

Brúnkál fyrir 6-8

½ hvítkálshaus

150 ml. borðedik 5%

150 ml. jólaöl/malt

150 ml. vatn

4 msk. sykur

4 msk. smjörlíki

Salt eftir smekk

Hita smjörlíki á pönnu, já smjörlíki. Mamma og amma notuðu það og það brúnar kálið best. Sirka 2 msk. per fjórðung af kálhaus. Þeir sem lifa smjörlíkislausum lífsstíl geta notað blöndu af smjöri og matarolíu. Verður samt

ekki jafn flott. Til að fá brúningu í kálið þarf að steikja það í nokkrum skömmtum, ¼ haus í stóra 12" pönnu. Steikja við miðlungsháan hita. Þegar kálið byrjar að mýkjast er sykri stráð yfir. Passa hitann þegar sykurinn fer saman við. Hann er fljótur að brenna. Hve mikið af sykri er notað fer eftir hversu sætutönnin er sterk. Plús, mínus 8 matskeiðar per kálhaus er mátulegt.

Formæðurnar brúkuðu hvítan sykur frá Danmörku en tilraunir með hrásykur og púðursykur, hlynsýróp jafnvel eru vel séðar. Smá salt á þessu stigi dregur fram vökva úr kálinu þannig að það brennur síður.

Þegar kálið er orðið mátulega brúnt er það sett í pott. Í hann fer lögur sem er að sirka 1/3 hluta 5% borðedik. Sem þýðir að hann er súr og því er best að nota potta sem þola sýruna. Ryðfrítt eða húðaðir pottar eru ákjósanlegir. Alls ekki nota bert pottjárn eða álpotta.

Ölið gefur auka sætu og dýpra bragð

Ég veit ekki alveg hvað formæðurnar voru með mikið edik og sennilega var það aldrei mælt. Svo fullrar hreinskilni sé gætt mæli ég það sjaldnast sjálfur. Sullu oftast bara slatta í pottinn. Hina 2/3 partana eða svo má svo fylla upp helmingsblöndu af jólaöli og vatni. Ölið gefur auka sætu og dýpra bragð. Er tæknilega eina kryddið, því helst á ekki að nota neitt krydd í þennan rétt. Og í guðs almáttugs bænum ekki halda að kaniill eigi þarna heima. Ef þörf er fyrir eitthvað sem vitringarnir þrír voru að setja út í potta mætti mögulega skutla einum negulnagla eða svo út í – en það er á eigin ábyrgð.

Hversu mikinn lög skal laga fer eftir magni af hvítkáli og lögun pottsins. Þarf að fljóta rétt yfir kálið. Sjóða við vægan hita í hálf tíma eða svo. Smakka til með salti, ediki og sykri ef með þarf.

Kæla niður og setja í kælikápin. Geymist þar öll jólin. Velgja skammta eins og þarf í potti áður en herlegheitin eru borin fram. Hentugt meðlæti með öllum jólamat. Aldrei ætti t.d. að bjóða upp á villibráð án þess að hafa brúnkál á borðum. Það væri líka tómt svínarí að bjóða ekki upp á bæði brúnt og rautt með reyktum hamborgarhryggnum. Hneyksli jafnvel. ■

Hvítkál ættað af Stór-Flúðasvæðinu steikt á pönnu og soðið niður með jólaöli og ediki. Borið fram í finnskri glerskál.



Vitundarvakning um heilbrigða vinnustaðamenningu

Vinnueftirlitið boðar aðgerðavakningu undir yfirskriftinni Tökum höndum saman: Eflum heilbrigða vinnustaðamenningu.

Á vef Vinnueftirlitsins segir að markmið herferðarinnar sé að vekja athygli á að heilbrigð vinnustaðamenning stuðlar að öryggi og vellíðan starfsfólks og er ein áhrifaríkasta forvörn gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað. Hún hefur auk þess jákvæð áhrif á árangur og orðspor vinnustaða.

Viðamikil fræðsluefni er að finna á vefnum um hvað einkennir góða og slæma vinnustaðamenningu. Þar segir einnig að mikilvægt er að stjórnendur séu meðvitaðir um hver vinnustaðamenningin er á vinnustaðnum. Enn fremur að brenna vilji við að viðmið og viðhorf séu ríkjandi innan



vinnustaða sem ekki eru í samræmi við stefnu þeirra eða gildi.

Sem dæmi getur verið stefna vinnustaðar verið að ná árangri með öflugri liðsheid en menningin innan vinnustaðarins einkennist af samkeppni milli starfsfólks sem rengir sífellt hvert annað. Einnig getur nýsköpun verið mikilvægt gildi vinnustaðar en í menningunni ríkir fastheldni og hræðsla við nýjungar. Þegar misræmi er þarna á milli er hætta á að starfsfólki líði illa og að vinnustaðurinn nái ekki árangri.

Vinnueftirlitið notar í aðgerðavakningunni myllumerkið #tökumhöndumsaman þannig að vinnustaðir og launafólk geti merkt pósta á samfélagsmiðlum með því. ■

Morgunverðarfundir með félagsfólki um allt land

Reglulegir morgunverðarfundir með félagsfólki hófust 11. október sl. og sá fyrsti í fundaröðinni var haldinn í félagamiðstöðinni að Grettisgötu 89. Fundirnir eru haldnir hálfsmánaðarlega og boðað er til þeirra með slembiúrtaki úr félagaskrá Sameykis.

Á fundunum fer Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis, yfir starfsemi stéttarfélagsins; kjaramál, málefni sjóða, orlofsmál, réttindamál o.fl. Haldið var til Akureyrar hálfum mánuði eftir fyrsta fundinn í Reykjavík og þar var rætt að auki um komandi kjarasamninga, styttingu vinnuvikunnar og hina ýmsu þjónustu sem Sameyki veitir félagsfólki sínu.

Þórarinn sagði á fundinum, sem haldinn var í Reykjavík, að þó að trúnaðarmannaráðið fundaði reglulega, og væri stórt og öflugt, þá væri nauðsynlegt að eiga samtalið við hinn almenna félagsmann og upplýsa fólk um starfsemi Sameykis sem er gríðarlega mikilvæg í stækkandi stéttarfélagi. Um 12 þúsund eru með félagsaðild í Sameyki alla jafna en félagsfólki fjölgar á sumrin þegar ungt fólk kemur úr skólum út á vinnumarkaðinn.

Á fyrsta fundinum með félagsfólki kom meðal annars fram að á sumum vinnustöðum Reykjavíkurborgar væri ekki virt að starfsfólk tæki sér neysluhlé á vinnustaðnum. Þórarinn sagði



Á fundi með félagsfólki í Sameyki 11. október sl.

að neysluhlé væru hluti af vinnutímanum og því væri þetta mjög óeðlilegt. Stjórnendur vinnustaðanna sem í hlut ættu og ekki virtu neysluhlé þyrftu að upplýsa sig um að í samningum um styttingu vinnuvikunnar eru hefðbundin neysluhlé eins og kaffitímar og hádegishlé hluti af vinnutímanum. Þá sagði Þórarinn að félagið myndi fylgja eftir þessum athugasemdum félagsfólks um neysluhléin.

Félagsfólk sem óskar eftir að komast á morgunverðarfund getur sett sig í samband við Kristínu Ósk Wium, sérfræðing í félagsdeild, með tölvupósti á netfangið: kristinow@sameyki.is ■



Starfaðu með Sameyki

🇬🇧 Uppstillingarnefnd Sameykis hvetur félagsfólk sem hefur áhuga á ábyrgðarstörfum innan félagsins að bjóða sig fram eða tilnefna þau sem þau telja að eigi erindi. Framboði má skila inn til og með 10. desember 2023 á vef Sameykis.

Hlutverk nefndarinnar er að stilla upp tillögu um formann og 14 manna stjórn Sameykis, auk þess að stilla upp tillögum að fulltrúum í stjórnir orlofssjóðs, starfsmenntunarsjóðs, styrktar- og sjúkrasjóðs, vinnudeilusjóðs, fræðslusjóðs og kjörstjórn. Nánar um stjórn og stjórnarkosningu er í lögum félagsins, 3. kafla, á vef Sameykis: sameyki.is/um-sameyki/stjorn-og-skipulag/log/.

Uppstillingarnefnd leggur tillögur sínar fyrir Trúnaðarmannaráð eigi síðar en 40 sólarhringum fyrir aðalfund. Aðalfundur Sameykis verður 21. mars 2024.

🇬🇧 The Nominations Committee of Sameyki encourages members interested in responsible roles within the organization to nominate themselves or others they deem suitable. Submissions can be made until December 10, 2023, on the Sameyki's website

The role of the committee is to propose a chairman and a 14-member board for Sameyki, as well as appoint representatives to the boards of the orlofssjóður (vacation fund), starfsmenntunarsjóður (vocational fund), styrktar- og sjúkrasjóður (support and sickness fund), vinnudeilusjóður (labor dispute fund), fræðslusjóður (educational fund) and the electoral commission. More details about the

board and board elections are in the Union's statutes, chapter 3, see on Sameyki's website: sameyki.is/um-sameyki/stjorn-og-skipulag/log/.

In accordance with the regulations, the Nomination Committee submits its proposals to the Board of Trustees no later than 40 days before the annual meeting. The Annual General Meeting of the Association will take place on March 21, 2024.

🇬🇧 Komitet Nominacyjny Sameykis zachęca członków zainteresowanych odpowiedzialnymi rolami w ramach organizacji, aby sami siebie lub innych, których uważają za odpowiednich, zgłaszali. Prace można przesyłać do 10 grudnia 2023 r. na stronie Sameyki.

Rolą komitetu jest zaproponowanie przewodniczącego i 14-osobowej rady Sameykis, a także mianowanie przedstawicieli do rad orlofssjóður (funduszu wakacyjnego), starfsmenntunarsjóður (funduszu szkoleniowego), styrktar- og sjúkrasjóður (funduszu wsparcia i ubezpieczeń chorobowych), vinnudeilusjóður (funduszu sporów pracowniczych), fræðslusjóður (funduszu edukacyjnego) oraz komisji wyborczej. Więcej informacji na temat rady i wyborów do rady znajduje się w statucie związku, rozdział 3: sameyki.is/um-sameyki/stjorn-og-skipulag/log/.

Zgodnie z przepisami, Komitet Nominacyjny składa swoje propozycje Radzie Nadzorczej nie później niż 40 dni przed corocznym zgromadzeniem. Walne Zgromadzenie Stowarzyszenia odbędzie się 21 marca 2024 roku.

Krossgátulausn

			HEIMO AFA	SKUGRA	ELDSNEYTI KORTIL	M	EFTI BRISKUR	S	ÞENDU	
	VIKA		E	R	L	E	N	D	I	S
	HÖPUR		S	V	E	I	T	Ú	L	P
	OLUFA		R	I	F	A	S	K	E	L
	SKRÁNING		B	Ó	K	U	N	K	I	N
			M	P	A	R	A	U	N	A
	AFÖRVA VAFIN	ASNOTAST RABB	A	F	S	Y	R	A	D	U
			F	L	Æ	K	T	L	Í	P
	FOGL	SKRIFA HINDRA	L	R	A	B	B	A	S	A
			R	I	T	A	J	I	B	B
			R	Á	F	J	Ö	L	L	O
			L	Ö	R	A	L	E	I	Ð
	LITID	GRUNA KÆR- LEIÐUR	S	M	Á	T	M	U	N	N
			N	A	S	A	B	O	R	G
			Æ	T	V	Í	L	I	B	A
			A	L	M	Ú	G	A	N	Á
			J	O	Ð	L	A	U	S	N
			D	Ó	S	M	A	N	N	A
			S	K	Á	I	G	K	L	E
			A	Ð	S	T	A	Ð	A	T

Lausnarorðið er **Rammger**



Sudoku-lausnir



9	4	6	7	5	3	8	2	1
8	7	3	1	2	9	5	4	6
1	5	2	6	4	8	7	9	3
3	9	5	4	8	6	1	7	2
4	2	1	9	7	5	6	3	8
7	6	8	2	3	1	4	5	9
2	8	7	3	6	4	9	1	5
6	3	9	5	1	7	2	8	4
5	1	4	8	9	2	3	6	7

Lausn létt

5	8	6	7	4	3	2	9	1
1	7	9	8	2	5	3	4	6
2	3	4	1	9	6	7	8	5
4	1	3	5	8	9	6	2	7
7	5	8	2	6	4	9	1	3
9	6	2	3	1	7	8	5	4
3	9	1	4	7	8	5	6	2
8	4	7	6	5	2	1	3	9
6	2	5	9	3	1	4	7	8

Lausn miðlungs

6	8	7	1	3	2	9	4	5
1	5	3	9	7	4	2	6	8
2	4	9	8	5	6	7	3	1
9	2	4	6	1	5	8	7	3
7	1	6	3	4	8	5	2	9
8	3	5	2	9	7	4	1	6
3	7	8	4	6	9	1	5	2
4	6	2	5	8	1	3	9	7
5	9	1	7	2	3	6	8	4

Lausn erfið

9		4	5	2				
1	2							
3		5					8	
	6						5	7
8	1		2				3	
		7				2		
							3	
			1	4	6		7	2
	4				9	1		5

Létt


	7		5					
		9				8	2	1
	3	8						
		3		2		9	5	
	2		7			3	8	
5			3					
				2	5		6	9
	1				6		3	4

Miðlungs

	8						1	
			9			2	3	7
			2					8
	5	8				3		1
3			5	4				
	7			5			4	2
	4		6					
6		9		2				

Erfið

Sudoku-prautin felst í að leysa hana með því að fylla út í reitina, í hverjum 3x3-reit birtist tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver níu reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.



Vinningshafi krossgátunnar



Verðlaunahafi krossgátunnar að þessu sinni er Kristín Sjöfn Sigurðardóttir sem sendi inn lausnarorðið rammger. Þegar henni var tilkynnt um vinninginn sagðist hún vera mjög ánægð að happahjólíð hefði stöðvast við hennar nafn. „En frábært. Ég hef aldrei áður unnið neitt. Þetta er æðislegt en ég hef sent inn krossgátu í hvert einasta skipti sem tímaríðið kemur í hús.“

Kristín Sjöfn er komin á eftirlaun en starfaði áður í Fjölnent sem húsvörður og stuðningsfulltrúi. „Ég var bara allt í öllu þar og sinni fjölbreyttum störfum. Ég byrjaði að starfa hjá ríkinu 1996 og verið í SFR og í Sameyki síðan. Við hjónin höfum gaman af krossgátum og ekki síst á sumrin glíum við saman við krossgátur í hjólhýsinu okkar. Við höfum gaman af því að ferðast um landið. Þetta er hin besta afþreying og svo auðvitað líka til að viðhalda gömlum orðum og orðaforða,“ sagði Kristín Sjöfn. Hún ætlar að þiggja orlofshús því henni þykir svo skemmtilegt að fara út fyrir borgina og njóta náttúrunnar. Við óskum henni til hamingju með vinninginn og að hún njóti dvalarinnar í einhverju af orlofshúsum félagsins. ■



		MÁNUÐUR	ÖRK			HÓPUR	BURT		
		ÆTLUN	SIGÐ				GENGI		
	TRYGGÐ								KRYDD
	STARTA								
	↙					EYMSL			
	ANDVARI					SÓA			
	GOÐ					LÝÐ			
	↙				LIPUR				
				BLAÐRA					
	BÁS		BORG	AND- SPÆNIS		1			KUSK
			2						
	KOSTUR								
	SVIKULL		SPJALL				STJAKA	SKÓLI	
								HÖFUÐFAT	
TOR- TRYGGJA				FITA					
KÝS					AFKIMA				SMYRSL
↙					STRUNS				
						7		TEIKNI- BLEK	
			URGA					PEX	
			SLÉTT						
STAFUR			FLÍK						3
LJÓS			TULÐRA						
↙									
				RÓRILLA				SKIL	
								VOPN	
SKÍR- SKOTUN		FISKA			MASTUR				
		FISKUR			DÁSAMA				VÍN- BLANDA
↙									
				TVEIR EINS					5
				UPP- HRÓPUN		TÆRANDI		ÚTJÖRÐ	
MIDLA					DULA	4			
KVK NAFN					LÖTRAR				ÞRYKKJA
↙									HRÆDDUR
			HLÝÐA						
			FLOKKAD					SKREF	
SAMÞYKKI			ÞUSA		6				
ÞRÚTNUN			SKAPI				BLETTA	ÆPA	
↙								PRETTUR	
				JARÐAR					BRÚN
UNDRUN		ÁGÆTUR				LEGU- BEKKUR			VERKFÆRI
		NÓTA							
↙					FÉLAGI				DREITILL
TRÉ						STRITAR			

Verðlaunakrossgáta

Krossgátan er fastur liður í tímariti Sameykis, félagsmönnum vonandi til mikillar ánægju og yndisauka. Hægt er að senda inn réttar lausnir og dregið verður úr þeim sem berast fyrir síðasta móttökudag, sem að þessu sinni er 15. janúar næstkomandi. Verðlaunin eru val á milli peningaupphæðar (20.000 kr.) eða helgardvalar í orlofshúsum félag-

sins frá 15. september til 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til Sameykis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlegast merkið umslagið „Krossgáta“. Einnig má senda svar á netfangið krossgata@sameyki.is ■

Óskum
félagshólki í
Sameyki
gleðilegra jóla
og farsældar á
komandi ári



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU